


Sigríður Sigurðardóttir

Gamlar torf- og grjóthleðslur í Skagafirði 1987-2017

Vettvangs- og heimildakannanir



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2018/212

Forsíðumynd: Bogahlaðnar tóftardyr í Krossanesi
© Sigríður Sigurðardóttir

Byggðasafn Skagfirðinga
2018/212

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Aðferðarfræði	6
Grjót- og torfhleðsla	6
Hleðsluefni, hleðslugerðir, skýringar	7
Hraun - fjárhús.....	11
Akur á Skaga – fjárhús, fjós	11
Kleifarrett á Skaga - skilarétt.....	12
Hólsstekkur á Skaga - hesthús	13
Bakkarétt í Sævarlandsvík - skilarétt.....	14
Reykir á Reykjaströnd – hjallur, sjóbúð	14
Fossárteigur – sjóbúð.....	15
Sjávarborg, Selshús (Borgarselshús) – fjárhús.....	15
Kárastaðir - vörslugarður.....	16
Skarðsá í Sæmundarhlíð – bæjardyr, baðstofa, skemma	17
Halldórsstaðir á Langholti – fjárhús	18
Syðra-Skörðugil á Langholti – bæjardyr, baðstofa, hlóðaelldhús, skáli	18
Geldingaholt – hlóðaelldhús, baðstofa, skemma, fjárhús	20
Holtskot – fjárhús, hlaða	22
Krossanes í Vallhólma – tóftardyr.....	22
Vellir í Vallhólma – framhús, baðstofa, fjós	23
Krithóll á Efribyggð – fjárhús	24
Krithólsgerði á Efribyggð – fjárhús.....	26
Kolgröf á Efribyggð – búpeningshús	28
Álfgeirsvellir á Efribyggð – skemma	30
Ytra-Vatn á Efribyggð – fjárhús.....	31
Steinsstaðir í Tungusveit – baðstofa, búr, fjárhús, hlaða, brunnur	32
Hóll í Tungusveit – fjárhús.....	34
Breiðargerði í Tungusveit – framhús, baðstofa, hesthús, fjárhús, hlaða.....	35
Þorljótsstaðir í Vesturdal – bæjarleifar.....	38
Hofsrett og Hlíðarrétt í Vesturdal – skilaréttir	39
Guttabú í Vesturdal – fjárhús	40
Bakkakot í Vesturdal – fjárhús, hlaða	41
Skatastaðir í Austurdal – fjárhús	42
Gilsbakki á Kjálka – kofi, fjós, hlóðaelldhús	43
Tyrfringsstaðir á Kjálka – bær, fjárhús, hesthús, hlaða	44
Flatatunga á Kjálka – fjárhús.....	46
Bessakotsrett í Norðurárdal – skilarétt	47
Sólheimar í Blönduhlíð – baðstofa, hlaða	47
Hrólfstaðir í Blönduhlíð – hlóðaelldhús, skemma, fjós	48

Stóru-Akrar (Hringur) í Blönduhlíð – reykkofi	49
Minni-Akrar í Blönduhlíð – fjós, baðstofa (skemman)	49
Syðsta-Grund í Blönduhlíð – framhús, búr, hesthús, fjárhús	50
Mið-Grund í Blönduhlíð – bæjardyr, göng, baðstofa, fjárhús	52
Bjarnastaðir í Blönduhlíð – hlaða, fjárhús, stekkur	54
Hjaltastaðir í Blönduhlíð – fjárhús, hlaða.....	55
Þverá í Blönduhlíð – fjárhús.....	56
Syðri-Hofdalir í Hofstaðabyggð – hesthús / fjós	57
Kjarvalsstaðir í Hjaltadal – hlóðaeldhús, skemma	57
Hof í Hjaltadal – fjárhús, vorrétt (rúningsrétt)	58
Víðines í Hjaltadal - hlóðaeldhús	59
Efri-Ás í Hjaltadal – skemma	59
Þönglabakki - sjóbúð.....	60
Samantekt og álitamál	60
Hleðsluefni, hleðslugerðir	61
Þök og grindargerðir.....	63
Að lokum.....	65
Tafla 1 Staðsetningar og fjöldi skoðaðra og horfinna hleðsluleifa.....	66
Tafla 2. Hleðsluefni, hleðslugerðir.....	67
Heimildaskrá	70
Skammstafanir.....	70
Prentaðar heimildir	70
Munnlegar heimildir og úttektir	71
Vefheimildir	71

Inngangur

Á tímabilinu 1987-2001 fóru starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga gagngert í vettvangsferðir til að kanna og meta leifar torf- og grjóthlaðinna mannvirkja, í þeim tilgangi að greina mismunandi gerðir hleðsluefnisins, hvort munur var á notkun þess eftir því hvar mannvirki voru staðsett og hvert hlutverk þess var. Upphaflega hugmyndin var að skrá allar sjáanlegar torf- og grjóthleðslur í Skagafirði til að gera heildstæða skráningu sem gæfi yfirlit yfir hleðslugerðir á 20. öld, hvernig torfhús litu út og hvaða efni var algengast. Með því gæti mögulega orðið til „námsefni“ fyrir áhugasama einstaklinga og stofnanir, sem vildu viðhalda þekkingu um hinar ýmsu hleðslugerðir. Með slíkri skráningu hefði einnig skapast grundvöllur til að meta hvort einhverjar hleðsluleifar ætti að varðveita fyrir framtíðina. Fljótlega eftir að kannanir hófust var þó ljóst að of seint var af stað farið og að jarðvinnsluvélavæðing nútímans var búin að setja „jarðvegssléttunarmark“ sitt á svo stóran hluta skagfirskis búsetulands að grundvöllur fyrir heildstæðri skráningu var ekki fyrir hendi.

Torf- og grjóthleðslunámshugmyndir sem blunduðu í höfði safnstjóra byggðasafnsins og möguleikar til kennslu urðu að veruleika árið 2007, í annarri mynd en í fyrstunni. Nám í torf- og grjóthleðslu skapaðist á Tyrfingsstöðum á Kjálka, í samstarfi við landeigendur. Þar hafa leifar gamla torfbæjarins og útihúsa verið notaðar til kennslu í fornu byggingarhandverki. Á sama tíma er húsunum haldið við eða þau endurbyggð. Námskeiðin eru haldin á vegum Fornverkaskólans og er hluti verkefnisins að skrásetja og ljósmynda handverks- og hleðsluaðferðir. Um þessar mundir er unnið að riti um Tyrfingsstaðaverkefnið þar sem farið verður í saumana á því hvernig staðið var að viðgerðum og endurbyggingum á húsum þar og kennslu í torf- og grjóthleðslu, uppsetningu og viðgerðum á einföldum húsgrindum, gluggum og fleiru. Ítarleg úttekt þess verkefnis fylgir því ekki hér en í skýrslunni er þó kafli um ástand Tyrfingsstaðahúsa þegar þau voru fyrst skoðuð, undir lok síðustu aldar, áður en endurbyggingin hófst.

Skýrsla þessi nær ekki yfir allar torf- og grjóthleðsluleifar sem hægt var að finna í Skagafirði heldur eru talin upp sýnishorn sem segja má að vel geti verið nokkuð dæmigerð um torf- og grjóthlaðin mannvirki hér um slóðir. Skagfirsk torfhús í vörslu Þjóðminjasafn Íslands, sem eru: bæjardyr á Reynistað, torfbærinn í Glaumbæ, Víðimýrarkirkja, bæjardyr og þingstofa á Stóru-Ökrum, Nýibær (torfbær) á Hólum og Grafarkirkja eru ekki skoðuð í þessari skýrslu og ekki heldur viðgerð hús í Hofsstadaseli nýtt hesthús á Lýtingsstöðum eða ferjukofi við Vesturósinn, sem gert var við á tíunda áratug 20. aldar. Einhverjar hleðsluleifar eru enn ókannaðar og á stöku stað vildu landeigendur hleðsluminja ekki veita starfsmönnum safnsins leyfi til að mynda vettvang.

Aðferðarfræði

Torf- og grjóthleðsluleifarnar voru ljósmyndaðar. Lagt var mat á hleðsluefnið. Athugað var hvernig torf var rist og hvernig stungið, hvaða grjótgerðir voru notaðar og hvaða hlutverki grjótið gegndi. Greinanlegar hleðsluleifar úr torfi og grjóti, torfi eingöngu eða eingöngu úr grjóti voru skráðar og ljósmyndaðar. Leitað var upplýsinga hjá staðkunnugum ef nokkur óvissa var um þær. Þættir skýrslunnar byggjast á ljósmyndum sem teknar voru af torf- og grjóthleðsluleifunum og eru skýrðar út frá einkennum hleðsla og hlutverki þeirra mannvirkja sem þær vitna um. Tilgangurinn er að sýna helstu einkenni torf- og grjóthleðslu og hvernig hægt er að lesa upplýsingar úr myndefni af þeim og um leið að varðveita heimildir um óáþreifanlegan og mikilvægan menningararf.

Grjót- og torfhleðsla

Fyrr á öldum voru flestir húsveggir hlaðnir að öllu eða einhverju leyti upp úr torfi og grjóti. Í stórmerku riti séra Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili um íslenska þjóðhætti, sem kom fyrst út 1934, sagði hann að helsta efni í húsveggjum hefði verið torfefni: „torf, hryggir, strengir, hnausar, kvíahnaus, klömbrur (klömbruhnaus)“.¹ Einkennilega kann að hljóma að hann talar sérstaklega um torf en það helgast af því að torf, sem er rist upp með ljá þannig að það var a.m.k. tvær torfljásbreiddir, var kallað torf eða torfur (s.s. hey- og básatorf). Strengir voru mjórri og ristir með ljá eða undirristuspaða. Hnausar voru stungnir með skóflu (áður torfpáli). Sömu efnisheiti, eins og Jónas talaði um, eru enn notuð um torf. Þegar jörðum í Skagafirði var lýst á árunum 1709-1714² var sérstaklega tekið fram hvort á þeim væri góð eða vond torftaka en torf var talið til hlunninda, til jafns við möguleika til eldiviðaröflunar. Skýrsluhöfundur lék forvitni á að vita hvort 20. aldar hleðslugerðir kölluðust á við þann veruleika sem skráður var á 18. öld. Þess vegna er vitnisburður *Jarðabókarinnar*, sem svo er nefnd, tiltekinn í greiningarköflunum og hafður til hliðsjónar þeim hleðsluleifum sem enn mátti sjá við vettvangskannanimar. Þökum og grindum búpeningshúsa var einnig gefinn gaumur ef ske kynni að í þeim leyndust fornar gerðir þaka og grinda, sem Hörður Ágústsson, Hjörleifur Stefánsson og fleiri hafa fjallað um í skrifum um gamla byggingahætti og upplýsingar eru um í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands, þar sem varðveittar eru miklar heimildir um gamla byggingahætti, torftöku, meðferð efnis og margt fleira.³

Niðurstöður um mismunandi byggingaraðferðir eru dregnar fram í lokakafla skýrslunnar, bæði í samantekt og á töflum. Þar kemur m.a. fram hvort samræmis gætti í mati á torfhlunnindum á 18. öld og hleðslugerðum nútímans, hvernig grindargerðirnar voru, hver voru helstu einkenni grjót- og torfhleðslu og mismunandi hleðslugerðum.

Skýrsla þessi fjallar að mestu um vettvangskannanirnar 1987-2001 en hún tekur einnig til greina upplýsingar úr fornleifaskráningarskýrslum og öðrum heimildum um torfhleðslur í Skagafirði. Frekari heimildir um torfbyggingar og hleðslur má einnig finna í fornleifaskráningum sem birtar eru í rannsóknaskýrsluröð Bygðasafns Skagfirðinga og hægt er að nálgast á *Gagnabanka* heimasíðu safnsins á www.skagafjordur.is/byggdasafn og www.glaumbaer.is. Þar má finna tún- og vörslugarða, réttir, húsaleifar og veggjabrot af ýmsum gerðum auk upplýsinga um jarðlægar hleðslur. Sömuleiðis eru birtar lýsingar og myndir af hlöðnum mannvirkjum í öllum bindum Bygðasögu Skagafjarðar þar sem fjallað er ítarlega um búskap, hús, hífýli og landnytjar frá landnámi til nútíma. Í þessari skýrslu er hver staður skoðaður út af fyrir sig eins og gert var í vettvangskönnunum. Þeim er raðað frá vestri til austurs, frá Skaga, inn hlíðar og dali og út á Höfðaströnd. Fremst er stuttur skýringakafli, um helstu hleðslugerðir.

¹ Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 443.

² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930.

³ Hjörleifur Stefánsson, 2013. Hörður Ágústsson, 2004. Sarpur.is. Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðhættir. ÞÞ.

Hleðsluefni, hleðslugerðir, skýringar

Áður en lengra verður haldið er rétt að gera grein fyrir viðfangsefninu, orðafari sem tengist því og almennum skilgreiningum á því. Torf var og er ýmist rist eða stungið. Rist er með torfljá og stungið með stunguskóflu. Byggðasafn Skagfirðinga hefur gefið út smárit um torf- og grjóthleðslur, gamla byggingahætti, grinda- og þakgerðir og hvernig þekkja má gamlar torf- og grjóthleðslur í landslaginu. Þessi smárit eru aðgengileg á *Gagnabanka* heimasíðu safnsins og vísast til þeirra hér um þau um aðferðir við efnistöku, veggjahleðslu og þakgerðir.⁴



Mynd 1. Til vinstri.
Mynd 2. Til hægri.

Á mynd 1 er verið að rista strengi með torfljá. Mynd 2 er af torfljá. Skammorfið (haldið) þarf að vera rétt sveigt svo að það gefi þægilegt átak fyrir þann sem risti/Ljósm. BZ-2008, SS-2013.



Á myndum 3 og 4 er verið að stinga torfhnausa með stunguskóflu og nota undirristuspaða til að losa hnausana úr flaginu. Undirristuspaði var einnig notaður til að rista upp strengi og grundartorf /Ljósm. BZ-2008.

Mynd 3. Til vinstri.
Mynd 4. Til hægri.

Þegar rist var með ljá kölluðu ýmsir efstra ristulagið grastorf eða grassvörð⁵ og graslausa fláann skör. Flestir munu hafa talað um undirristu þegar næsta torflag var rist en einhverjir töluðu um hryggi eða hryggstrengi þegar ristir voru þykkir strengir með ljáfarshrygg. Þannig strengi var hægt að stinga á „klaka“ þegar frost var farið úr jörðu og þá talað um að jörðin væri ristubíð.⁶ Sumir stungumenn beittu stunguskóflu eða undirristuspaða til að stinga, rista upp strengi.



Mynd 5.

Mynd 6.

mannvirkið sem átti að byggja var hlaðið úr torfinu einu. Gott hleðslugrjót var týnt í hrúgur til að geyma og það var notað aftur og aftur ef svo bar undir/Ljósm.SS-2014.

Grjóthleðslur geta verið ólíkar, sem fer eftir því hvar efnið er tekið og hvort það er náttúrulegt (óunnið) eða tilhöggvið. Kantað, barið, þunnt, stórt og smátt grjót var týnt úr skriðum. Ávallt, stórt og smátt var týnt á áreyrum, lábarið, hnöttótt grjót úr fjörunni. Hellur (mynd 5) geta verið þægilegri í hleðslu en kantað grjót. Ef ekki fannst grjót í næsta nágrenni við

⁴ Glaumbaer.is. Sjá *Torf til bygginga* á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/c-vii-torf-til-bygginga.pdf>, *Gamlir byggingahættir* á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/xiv-gamlar-byggingar.pdf> og *Lesið í landið* á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Gagnabanki/lesid-i-landid-xviii.pdf>.

⁵ Guðmundur Hannesson, 1943. Bls. 56.

⁶ Sarpur.is. Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðhættir. ÞÞ. 1459/1967-1. P. 9-10.

Í greiningarþáttunum hér á eftir kemur fram að veggir eru ýmist tvöfaldir, tvöfalt hlaðnir, eða einfaldir, einfalt hlaðnir. Í tvöfalt hlöðnum vegg er ytri og innri hleðsla (hlið, byrði) hans hlaðin upp jafnt og þétt og fyllt upp í jafnóðum á milli. Hann er tvöfaldur í þeim skilningi að hann er hlaðinn beggja vegna. Einfalt hlaðinn vegur er aðeins hlaðinn á ytri hlið (ytra byrði, kápu) upp við eitthvað annað, uppfyllingu, barð, klöpp, fl. Í *Íslenzkum þjóðháttum* segir Jónas frá Hrafnagili að innan veggja (á innri hlið, innra byrði) í búpeningshúsum hafi verið notast við hnausa og þeir bundnir saman með torfi en utan veggja (ytri hlið, kápu) var mest hlaðið úr þverskornu torfi og strengjum og tók hann fram að í Skagafirði hefði fólk mest hlaðið úr klömbu og sniddu og lagt streng á milli laga. Innveggir voru nær lóðrétt hlaðnir en útveggir voru hlaðnir aðeins að dregnir.⁷ Hallinn mátti vel vera 10-15%. Guðmundur Hannesson sagði það gamalla manna mál að stengjahleðslur entust öllu betur en úr hnaushleðslur.⁸ Í flestum húsveggjum og görðum eru tvöfaldar hleðslur, þ.e. ákveðið er hver þykktin á að vera og síðan hlaðið upp á báðar hliðar og fyllt í á milli. Uppfyllingin þarf að vera mjög þétt. Grjót er í neðri hluta veggja og görðum. Veggjahleðsla er vandaverk og margs að gæta við hleðsluna.⁹



Teikning I.




Mynd 7.



Mynd 8.

Teikning I (efri) sýnir hvernig ytri og innri hlið tvöfalds veggjar myndar form fyrir uppfyllinguna sem í er oft gamalt torf (roftorf = torf úr rofnum vegg/paki) eða mátulega þurr jarðvegur, sem er þjappaður eins vel og unnt er, á milli hleðslanna. Teikning II (neðri) sýnir hvernig hleðslan leggst í jarðveginn á bak við. /Ljósm.:BZ-2007. Teikn.SS.



Teikn II.



Mynd 9.



Mynd 10.

Talað er um einfalt byrði eða einfalda hleðslu þegar kantur er hlaðinn upp við jarðveg eins og á mynd 10 eða við uppgildingu¹⁰ veggjar, eins verið er að gera á myndum 9. Þegar vegir voru lagðir á fyrri hluta 20. Aldar var vandað til kanthleðsla og hér og hvar á landinu má enn sjá slíkar hleðslur. Sömuleiðis voru kanthleðslur vandaðar við brúarsporða/Ljósm. BZ-2010, 2008.

⁷ Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 443-4.

⁸ Guðmundur Hannesson, 1953. Bls. 62.

⁹ Guðmundur Hannesson, 1953. Bls. 64-5.

¹⁰ Uppgilding er endurnýjun/viðgerð á t.d. vegghluta.



Mynd 11. Til vinstri.

Mynd 12. Til hægri.

Mynd 11 sýnir garðsenda hlaðinn úr hornhnausum. Neðstu lögin eru úr skriðugrjóti í (og) streng. Mynd 12 sýnir einfalt hlaðinn túngarð, úr fremur þunnum, löngum hnaus. Hann var jafnlangur og garðurinn var breiður og lá þvert í gagn um

hann. Hnausahleðslan er bundin saman með streng. Þessi þunnstungni hnaus var sniðin að hlutverki sínu. Við hleðsluna þurfti enga fyllingu. Hnausinn má kalla snidduhnaus en þeir voru með ýmsu lagi. Langoftast voru sniddur stungnar þannig að þær voru þykkastar um miðjuna en þær voru einnig stungnar mislangar, misflatar og miskantaðar, eftir því hvernig átti að nota þær. Hornhnausar og kviahnausar voru stungnir þykkari, efnismeiri en snidduhnausar (sniddur)/Ljósm. SS-2015, 2017.



Mynd 13. Vinstra megin við dyrnar er grjót í streng. Hægra megin við þær er hlaðið úr streng og við hliðina er klömbruhleðsla í streng. Í neðri hluta veggjarins er hlaðið með grjóti í streng. Bæði klömbruhleðslan og grjót í streng hleðslan eru hlaðnar fyrir horn. Fljótt á litið gætu hleðslurnar vísað til nokkurra uppgildinga en hér er um tvö mannvirki að ræða þ.e. hesthús og rétt sem standa hlið við hlið og eru veggir þeirra hlaðnir saman. Vanalega, þegar hús voru hlaðin upp í heild sinni, var samskonar hleðsla, í öllum veggjum/Ljósm.SS-2018, 2016, 2015.



Mynd 14. Fjárhús eins og þessi eru fljót að falla ef þeim er ekki stöðugt haldið við. Veggir fúna, rýrna og hjaðna, þakið fellur niður og rústin verður grasi gróin. Þá er erfitt að átta sig á hleðslugerðum í veggjum, nema að þeir séu grafnir upp og sniðið skoðað/Ljósm.BZ-2009.



Mynd 15. Garðar og neðstu hlutar fjárhúsveggja voru yfirleitt hlaðnir úr grjóti í torf eða úr þurru grjóti. Á endagaflsvegg hússins eru tóftardyr sem liggja út í heytóft. Á honum má sjá margskonar uppgildingar þar sem ýmskonar torf hefur orðið fyrir valinu en upp yfir hálfa vegg hæðina er grjóti hlaðið í torf (streng). Húsgrindin er einföld. Ásar hvíla á stoðum sem standa á garðahleðslum. Þakviðir (raftar) hvíla á mæniasúm og veggjum. Undir þakraftaendum á veggjum voru oft smáar steinhellur eða tréstubbar. Garðastokkur heitir neðra borðið á garðanum, til verjast því að hey falli á gólfið. Efra borðið á garðanum er garðabandið sem var til varnar því að fé stykki upp í og yfir garðann/Ljósm.BZ-2009.



Mynd 16. Réttarveggir urðu að vera það háir að þeir væru fjárheldir, ekki lægri en 1,5-2m á hæð. Búfenaður vippar sér auðveldlega yfir lægri vegg. Efst í réttarveggjum og á þökum var notast við grundartorf eða valllendistorf sem rist var með undirristuspaða á þurru rötargóðu landi. Uppgrónar og fallnar hleðslur, sem hlaðnar voru eingöngu úr torfi eða grjóti í torf, eru oft illgreinanlegar hafi þær riðlast til, hjaðnað til jarðar og gróið upp/Ljósm.BZ-2011.



Mynd 17. Þegar lesið er úr myndum er fyrst skoðað hvers konar hleðslugerðir blasa við og hver eru helstu einkenni húsgrindanna, ef þær sjást. Á þessari mynd má telja sex grjótlög neðst í veggjum. Grjótið er lagt í streng til að stemma og styðja hleðsluna. Ofan við grjóthleðslur hefur verið hlaðið úr klömbruhnaus án strengbindingar. Klömbrurnar víxlleggjast alla leið upp þar til í annarri og þriðju röð ofan frá að þeir eru lagðir eins þannig að munstrið brotnar upp. Ofan á langveggi, undir rafta, eru lagðir strengir. Í klömbruhnausunum sjást margskonar litbrigði, s.s. af ljósum leir og mýrarrauða, sem ljáir torfinu, ljósa, gyllta og rauða tóna. Þaktorfið er fremur þunnt. Í mesta lagi samsett úr þremur torflögum. Tveir

mænisásar hafa verið í þessu húsi og þeir liggja báðir á steinhellum á gaflhlaðinu. Þakraftar, sem lagðir eru á ásanana, til að halda þakinu uppi, eru lagðir beint á veggina eins og mænisásarnir. Á myndinni sést ekki að þeir voru einnig lagðir á steinhellublöð en það sást í vettvangskonuninni. Áreftið, sem lagt er á raftana eru tréstubbar og fjalar, afgangstimbir og sumt ónýtt til annars brúks. Síðasta hlutverk margra merkilegra, gamalla og fúinna húsviða var einmitt að standa sína plikt sem árefti. Svo sem vel má sjá hafa þakviðir í þessu húsi verið farnir að gefa sig og búið er að skjóta stoð undir bita sem settur hefur verið undir mænisásana. Dverg hefur verið skotið á milli bitans og vagls sem liggur þvert á ásanana. Myndin er tekin í fjárhúshlöðu í Bakkakoti/Ljósm.SS-1992.



Mynd 18 er tekin í hesthúsi, sem áður var fjós, einnig í Bakkakoti. Þetta var einásahús, með röftum sem lagðir voru frá lausholtum (syllum) yfir á mænisásinn. Allbreitt bil var á milli raftanna og áreftið, sem lagt var þvert á þá, var byrjað að missa „tökin“. Nærtorfið, neðsta torflag þaksins, fylgdi á eftir áreftinu og lafði víða niður á milli. Undir ásum stóðu stoðir nokkuð þétt og mörkuðu básabreiddina og veggstoðir stóðu undir lausholtum (syllum).¹¹ Búið var að smíða stall við annan langvegginn í stað jötu. Neðstu hleðslulög húsveggjanna voru úr grjóti sem hlaðið var í torf upp í um 40sm hæð. Ofan á var hlaðið úr klömbruhnaus í streng upp um þrjú lög og efst í veggjum var

sniddu- og strengjahleðsla og virtust sniddurnar hafa verið stungnar af þaki. Torf úr gömlum endurnýttum þökum og þurrum veggjum var ágætt til uppgildinga, einkum innandyr (á innveggjum) en var lengi vel fremur laust í sér vegna þess hve þurrt það var þegar það var lagt í hleðsluna. Þannig torf var kallað roftorf. Sjá meira um hleðslugerðir í öðrum húsum í Bakkakoti á myndum 122-125 í þætti á bls.41/Ljósm.SS-1992.

¹¹ Útstoðir eru undir lausholtum, syllum við vegg, innstoðir undir ásum.

Hraun - fjárhús

Þegar skráðar voru strandminjar á Hrauni á Skaga árið 2016 voru víða sjáanlegir grjóthlaðnir garðar og grjót- og torfhlaðin veggjabrot, sem flest voru hlaðin úr lóbörðum fjörugrjóti í torf (streng). Veggjaleifar fjárhúss, sem þannig var hlaðið, sýndi að menn hafa valið til hleðslu fremur þykkar hellur sem sjórinn var búinn að slípa vel til. „Það sem eftir standur af fjárhúsinu er hluti útveggjar en búið er að hlaða grjótvegg upp við hann og er hleðslan notuð sem skjól fyrir skepnur. Veggurinn er 60-110cm hár og um 1m á breidd. Neðri hlutinn er grjóthlaðinn en ofan á hefur verið torfhleðsla sem er að miklu leyti rofin í burtu. Hún er mest um 45cm há. Veggurinn snýr vnv/asa og er tæplega 12m langur en við austurenda er nýleg grjóthleðsla um 1m á lengd (samtals 13m) og önnur nýleg hleðsla sem liggur til suðurs nokkurn veginn frá miðjum eldri veggnum um 5m á lengd“.¹² Í *Byggðasögu Skagafjarðar* er sagt að þessi fjárhús hafi síðast verið endurbyggð „um 1940 og [að þau hafi tekið ...] þá 150 fjár“.¹³ Þeir kvittuðu upp á það á Hrauni árið 1709, þeir Davíð og Arngrímur Bjarnasynir, að torfstunga þar væri „lök og lítt nýtandi“.¹⁴ Um það yrði ekki deilt í nútímanum.



Mynd 20.



Mynd 21.

Leifar fjárhúsa á Hrauni á Skaga. Neðri hluti veggjanna er hlaðinn úr lóbörðum hellum úr fjörunni, sem lagðar eru í streng. Efri hluti veggjanna er úr torfi, aðallega streng eða grundartorfi. Harðgert smátt língresi vex í þurrum jarðvegskolli veggjarins/Ljósm.BZ-2016.

Akur á Skaga – fjárhús, fjós

Jörðin Akur var byggð út úr Selneslandi árið 1853.¹⁵ Torfbæjar- og útihúsaleifar sem þar sáust enn árið 1989 þegar vettvangskönnun fór fram sýndi að langflestar hleðslur þar voru úr klömbruhnaus og streng. Akur var ekki talin stök jörð á 18. öld en á Selnesi sögðu jarðamatskýrsluhöfundar að væri næg torfrista og -stunga¹⁶ og óhætt að segja að þau orð hafi verið í fullu gildi fram á þann tíma að Akurs-húsin voru hlaðin. Öll veggjabrot á Akri eru nú komin undir græna torfu.



Mynd 22. Bæjarhóllinn á Akri. Næst á myndinni eru fjárhús og fjós sem að meira og minna leyti voru hlaðin upp úr torfi og grjóti í torf (streng). Ríkjandi hleðslugerð voru klömbruhnausar í streng. Undirstöður veggja voru úr grjóti og torfi, tvær til þrjár neðstu raðirnar (lögin). Mest grjót var í fjósinu. Þar var hlaðið úr grjóti í streng upp í um 40sm. Grindarviðir voru lítt greinanlegir/Ljósm.SS-1989.

¹² Bryndís Zoëga, 2017. Bls. 8.

¹³ Byggðasaga Skagafjarðar, 1999. Bls. 27.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 4, 32.

¹⁵ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 1999. Bls. 104-106.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 15.



Mynd 23. Akurshúsið sem var byggt um 1940 er timburhús með bárujárnsþaki. Hálfveggir úr torfi voru við sinn hvorn gaflinn og að hluta til á langhliðum, greinilega til að hlífa húsinu. Ekki sást hvort neðsta hleðslulagið var grjótröð en veggirnir voru hlaðnir upp með fremur stórstungnum klömbrum með streng á milli laga. Samskonar língresi óx hér á hálfveggjunum eins og á veggjabrotum á Hrauni/Ljósm.SS-1994.

Kleifarrett á Skaga - skilarétt

Kleifarrett var skilarétt fyrir norðanverðan Skagann. Hún var í notkun í 43 ár, byggð árið 1929 og síðast notuð árið 1972. Almenninur hennar var álitinn taka um 2000 fjár.¹⁷ Réttin er hringlaga og hlaðin úr stórum klömbruhnausum með streng á milli laga. Eitt lag af grjóti, grjótröð, var í undirstöðum veggjanna, til að hlífa torfhleðslunni og verjast rakauppsogi úr jarðveginum. Veggirnir voru tvíhlaðnir en þunnir. Klömbrusporðarnir féllu saman og var lítil sem engin uppfylling í veggjunum.¹⁸ Jarðamatskýrsluhöfundar árið 1709 sögðu að torfrista og stunga í Kleifarlandi væri slök.¹⁹ Heima við bæ átti sú staðreynd við rök að styðjast en skammt frá þar sem réttin stendur er ágæt torfmýri.



Mynd 24. Horft er til austurs yfir Kleifarrett. Enn grillti í klömbruhleðslur í ytri hlið veggjanna. Skammt frá réttinni er ofgnótt af fínu hleðslugrjóti og því vakti furðu skoðenda hversu lítið grjót var í réttinni en hún stendur skammt frá ágætri torfmýri og það hefur vafalaust þótt auðveldara að afla efnis þar heldur en að burðast með grjótið, þótt skammt sé í það/Ljósm.SS-2017.



Mynd 25. Eins og vel sést úr lofti er Kleifarrett fullkomlega hringlaga. Almenninur og útveggir eru torfhlaðnir en spilverk á milli dila hefur verið úr timbri (timburflekum eða -grindum). Þá var hægt að fjölga og fækka dilkunum eftir þörfum með smá tilfærslum. Innrekstrargangurinn er hlaðinn. Þarna er fremur erfitt aðhald en ekki var sjáanleg nokkur girðingar- eða garðsleif sem hefði mátt búast við, til að stýra fjársafninu inn í innrekstrarganginn. Bilin á innri hringnum vísa til dyra á milli almennings og dila /Ljósm.Loftmyndir ehf.²⁰

¹⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, 1999. Bls. 18, 78.

¹⁸ Veggir réttarinnar voru tvöfalt hlaðnir en án uppfyllingar þar sem klömbruhnaussporðarnir lágu saman, sporð á sporð.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 11, 57.

²⁰ Skagafjordur.is, sjá <https://www.map.is/skagafjordur/>. Skoðað 14.11.2018.

Hólsstekkur á Skaga - hesthús

Búið var á Hólsstekk á árunum 1879 til 1880 og er ekki vitað til að það hafi verið gert fyrr né síðar.²¹ Húsum þar var breytt í fjárhús með hlöðu og undir það síðasta voru þau notuð sem hesthús. Ástæða þess að húsin voru kölluð Hólsstekkur eða Hólsstekkshús var að upphaflega var þarna stekkur frá Hóli. Árið 1993 voru húsin notuð fyrir hross á útigangi. Veggir voru hlaðnir úr klömbruhnaus og streng og lítið grjót í þeim miðað við að fremur auðvelt er að ná í það allt í kring um húsin en góð torfmýri var skammt frá húsunum. Á innanverðum veggjum voru tvær og þrjár raðir (lög) af grjóti með streng á milli, til að rjúfa rakastraum úr jarðveginum upp í hleðsluna. Net (varpa) hafði verið lögð yfir húsin til að verja þau ágangi og foki. Jarðabókarskrásetjarar árið 1709 sögðu að torftaka í Hólslandi væri slök²² en þess gætir ekki í húsunum.



Mynd 26.



Mynd 27.

Nokkur borð mynduðu þil sín hvoru megin við dyrnar (mynd 26). Á bak við húsin var hlaða (mynd 27). Á syðri enda hennar var bárujárnsklæddur stafn, að hálfu hlaðinn upp með torfvegg, en að norðanverðu var torfgafl. Hlaðan, á mynd t.h., var nánast grjótlaus. Lítið grjót var í utanverðum veggjum fjárhússins en að innanverðu voru veggirnir hlaðnir með grjóti upp í um hálfan metra. Á þaki húsa var samskonar grasvöxtur og einkenndi veggir og tóftarbot á Hrauni, Akri og á Kleifarrétt. Þessi harðgerða, smávaxna, fagurgræna, língresistegund reyndist vera einkennisjurt á flestum veggjabrotum og húsaleifum sem könnuð voru, eins og fram kemur á næstu blaðsíðum/Ljósm.SS-1993.

Þetta voru tvíásahús. Tveir mænisásar lágu hlið við hlið ofan á stoðum og héldu þakinu á lofti. Stoðir undir ásunum stóðu á garðanum, sem var í miðju húsinu og skipti því í tvær krær. Raftar lágu frá ásum út á syllu (lausholt) við veggir en ekki á veggjunum eins og virtist hafa verið einhvern tíma en sjá mátti hellublöð efst í hleðslunni. Undir syllum voru stoðir sem voru farnar að ramba til árið 1993. Sums staðar var búið að setja á þær skástífur til að styðja við þær.



Mynd 28. Til vinstri.
Mynd 29. Til hægri.

Grind og þakviðir Hólsstekkshúsa voru úr rekaviði. Raftar í þaki voru úr rifnum viði en stoðir, syllur og ásar voru úr heilum bolum. Þetta voru tvíásahús með garða fyrir miðju húsi og stóðu stoðir (innstoðir) undir ásum, á steinhellum á garðanum. Reft var þvert (langsum eftir mæninum) á vagla sem lágu á ásum. Raftar lágu frá syllu á ása. Á röftum var þétt reft með árefti. Undir syllum, meðfram veggjum voru stoðir (veggstoðir, útstoðir). Húsið var að byrja að snarast þegar vettvangskönnun fór fram /Ljósm.:SS-1993.



²¹ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, 1999. Bls. 114.

²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 17.

Bakkarétt í Sævarlandsvík - skilarétt

Bakkarétt var skilarétt fyrir Gönguskörð, Laxárdal og Skaga út að Selá til ársins 1972. Réttin var byggð upp árið 1908 en eldri rétt stóð skammt austar.²³ Veggir réttarinnar voru hlaðnir úr klömbruhnaus í streng efst og grjóti í streng neðst. „Tveir hringir, almenningur og ytri hringur en skilveggir á milli dilka voru úr timbri. [...] var dilkpláss í réttinni talið vera fyrir 5.120 fjár, alls 19 dilkar. Réttin var á þessum tíma oft kölluð Króksrétt“.²⁴ Ytri hringurinn var 54m í þvermál en innri hringurinn eða almenningurinn 26m í þvermál.²⁵ Hvorki á Bakkakoti né Þorbjargarstöðum töldu skrásetjarar *Jarðabókar* að væri viðunandi torftaka²⁶ en við hleðslu Bakkaréttar fannst nóg torf.



Mynd 30.



Mynd 31.

Myndin er tekin yfir Sævarlandsvíkina. Vegghleðslur í almenningi, útveggjum dilkanna (réttarinnar) og í innrekstrarganginum voru varla greinanlegar enda alveg uppgrónar. Loftmyndin sýnir sköpulag réttarinnar. Bilin á innri hringnum eru dyr á milli almennings og dilka/Ljósm.:GSS-2015 og Loftmyndir ehf.²⁷

Reykir á Reykjaströnd – hjallur, sjóbúð

Fyrr á öldum var úræði frá Reykjum. Róið var frá Reykjavör til hrognkelsaveiða á vorin og fiskjar á sumrin. Þar niður við sjávarkambinn voru leifar nausts, hjalls og sjóbúðar frá fyrri hluta 19. aldar árið 1993. Sjóbúðinni mun hafa verið breytt í reykhus á 20. öld. Naustið var hálffallið og reykhusið sömuleiðis. Hleðslur í hjallinum voru farnar að riðlast en hann hafði verið hlaðinn úr lábörðu fjöru-grjóti í streng. Sjóbúðin var endurreist 1994-1998.²⁸ Í jarðmati frá 1713 er ekkert talað um torftökumöguleika á Reykjum. Húsaleifar þessar voru nýttar til endurgerðar húsanna um og eftir aldamótin 2000. Þá var hleðslum og hlutverkum húsanna breytt.



Mynd 32.



Mynd 33.

Veggir sjóbúðarinnar (mynd 32) voru grjóthlaðnir. Í þeim var lábarið fjörgrjót með streng á milli. Hjallurinn (mynd 33) var meira hlaðinn úr torfi en grjóti. Veggir hjallsins virtust hafa verið hálfveggir, þ.e. veggir upp til hálf. Tóftin var um 2,5m á kant. Í henni virtist hafa verið klömbruhnaus í streng/Ljósm.SS-1993.

²³ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, 1999. Bls. 18, 136.

²⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, 1999. Bls. 136.

²⁵ Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2016. Bls. 20.

²⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 21-22.

²⁷ Skagafjordur.is, sjá <https://www.map.is/skagafjordur/>. Skoðað 14.11.2018.

²⁸ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, 1999. Bls. 200-201. Í dag hafa veggir sjóbúðar og hjalls verið endurhlaðnir og búið er að reisa þar hús sem hýsir aðstöðu fyrir ferðamannþjónustu við laugar þær sem grafnar voru og hlaðnar upp fyrir ferðamenn, sú fyrri Grettislaug, árið 1994 og hin síðari, Jarlslaug, árið 2006.

Fossárteigur – sjóbúð

Á sjávarbakkanum sunnan við Fossá (Hólakotsá) var sjóbúðartóft árið 2016, sem sjórinn hefur brotið af. Vesturveggur búðarinnar var óskemmdur. Hann var 5m langur. Tóftarbreiddin var 3m. Veggirnir voru grjóthlaðnir, 60-160sm háir og um metri á breidd. Dyr snéru til suðurs. Sjóbúðin mun hafa verið tvístæð fram undir 1960 og var aðeins hluti efri búðarinnar eftir þegar strandminjaskráning fór fram árið 2017.²⁹ Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að þarna hafi verið lending og uppsátur frá Hólakoti, að sjóbúðin hafi verið byggð aldamótaárið 1900 og að fremri hluti hennar hafi hrunið í miklu brimi skömmu fyrir 1960.³⁰ Ekkert er minnst á möguleika til torftöku í Hólakoti í *Jarðabókinni*.

Mynd 34. Sjóbúðin var að mestu leyti hlaðin upp úr grjóti úr fjörunni og skriðugrjót úr brekkunni fyrir ofan hana. Grjóti var hlaðið í torf (streng) alla vegghæðina upp í þak. Veggjeylling var rír en hleðslur voru bundnar með torfi, þversum í gegn um veggina/ Ljósm.GSS-2016.



Sjávarborg, Selshús (Borgarselshús) – fjárhús

Selshús (Borgarselshús) hétu fjárhús, beitarhús, frá Sjávarborg sem stóðu á túnskák á austurbakka Miklavatns. Árið 2001 þegar vettvangskonnnun fór fram voru þar leifar torfveggja ásamt grundvelli að gördum og steinsteyptu baðkeri. Hlöðuveggur milli húsa og hlöðu stóð enn uppi. Þarna höfðu verið tvö tvístæð garðahús fyrir 300 fjár.³¹ Fjárhúsin voru 16,5m x 10m að stærð og hlaðan 16,5m x 4m og tók um 400 hesta af heyi. Húsa- og hlöðuveggir voru grjótlausir nema neðstu tvær raðir (lög) á parti og hlaðin upp úr klömbruhnaus í streng. Á þessum slóðum er afbragðs torfrista og -stunga en ekkert grjót. Það gæti hafa verið flutt á staðinn þegar Pálmi Pétursson á Sjávarborg reisti hús þarna um aldamótin 1900.³² Jafn líklegt er reyndar að því hafi verið safnað á selið löngu fyrr og notað í húsveggi aftur og aftur. Austurveggur fjárhúsanna var steinsteyptur. Efni í hann og baðkerið mun hafa verið flutt á prömmum yfir vatnið um miðja 20. öld.³³

Mynd 35. Dyr milli hlöðunnar og húsanna voru hlaðnar með hornhnausum í streng en veggirnir voru að öðru leyti hlaðnir úr klömbruhnaus í streng. Þegar horn og dyr voru hlaðnar upp með þessum hætti úr þykkum, efnismiklum hnausum, hornhnausum, var talað um stuðla-hleðslu. Þessi veggur mun hafa fallið árið 2003/Ljósm.HP-1997.



²⁹ Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2016. Bls. 73.

³⁰ Byggðasaga Skagafjarðar, 1999. Bls. 223.

³¹ Svokölluð garðahús, með garða fyrir miðju húsi, sem skipti því í tvær krær, munu hafa verið algengari norðan lands en sunnan þar sem fleiri byggðu jöfuhús. Þá voru jötur við sín hvora langhliðina. Sjá, Séra Jónas Jónasson, 1961. Bls. 472.


³² Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999. Bls. 337.

³³ Sama heimild.

Kárastaðir - vörslugarður

Gamall grjóthlaðinn vörslugarður er á Kárastöðum, eingöngu hlaðinn úr grjóti (skriðugrjóti).³⁴ Þessi garður er gott dæmi um hvernig fólk girti lönd sín, einkum túnin, fyrr á öldum. Þessi garður liggur frá skógarlundi og niður að Héraðsvötnum. Svona garðhleðslur, túngarðar, vörslugarðar, landamerkjagarðar, voru mjög algengir fyrr á tíð. Hagstætt var að hlaða þá úr sem mestu grjóti því þannig garða áttu skepnur ekki auðvelt með að riðla. Garðar hlaðnir ú grjóti í streng þóttu betri en úr þurru grjóti. Garðar sem eingöngu, eða nær eingöngu, voru úr torfi urðu oft fyrir hnjaski af völdum búfjár og þeir greru upp, urðu grasi að bráð. Þá þurfti stöðugt að endurhlaða og gilda upp.³⁵ Árið 1713 sögðu jarðamatsmenn, þeir Jón og Sigfús Jónssynir, að torfrista og -stunga væri bjargleg á Kárastöðum.³⁶ Grjótgarðurinn var því ekki torflaus vegna torfeklu.

Mynd 36. Skjáskot af loftmynd sem sýnir vel grjóthlaðna garðinn á Kárastöðum/Ljósm. Loftmyndir ehf.³⁷



Mynd 37. Garðurinn er tvíhlaðinn, eins báðum megin. Hann stendur enn á pörtum. Torfskortur var ekki ástæðan fyrir því að menn hlóðu grjótgarð til að verjast búsmalanum. Ástæða þess hefur sennilega fremur verið sú að auðvelt var að ná í gott hleðslugrjót og að grjóthlaðnir garðar vörðu sig vel gagnvart veðrun og búfénaði og voru taldar traustari en úr torfi³⁸/Ljósm.BZ-2018.



Mynd 38.
Mynd 39. Til vinstri.



Á mynd 39 sést garðendinn þar sem hann liggur að vestari kvísl Héraðsvatna. Þar er hann meira og minna hruninn. Garðurinn var/er hlaðinn það mjór að í honum er engin fylling/Ljósm.BZ-2018.

³⁴ Á skagafjorður.is, sjá <https://www.map.is/skagafjorður/>

³⁵ Þegar gildað er upp í vegg er bilaði hluti hans fjarlægður og nýtt efni sett í staðinn þannig að hann verði aftur fullgildur.

³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 60.

³⁷ Á skagafjorður.is, sjá <https://www.map.is/skagafjorður/>.

³⁸ Guðmundur Hannesson, 1943. Bls. 56.

Skarðsá í Sæmundarhlíð – bæjardyr, baðstofa, skemma

Búið var í torfbænum á Skarðsá til 1987 en bærinn var jafnaður við jörðu árið 1994.³⁹ Þegar bærinn var kannaður árið 1989 var syðsti hluti baðstofunnar, tvö stafgólf, og fleiri hús fallin. Þar sem gengið var inn í baðstofuna var eldhúskrókur. Göngin, frá bæjardyrum að baðstofu voru svo mjó að fullorðnir gátu ekki mæst þar. Í þeim lá mænisás á þverbita, milli veggja og reft yfir, eins og er í göngunum í Glaumbæ. Á öðrum þökum voru sperrur og reft á langbönd. Torfveggir voru misgóðir og höfðu þeir greinilega oft verið gildaðir upp. Bæjardyr og skemma snéru göflum fram á hlað. Skemman mun síðast hafa verið notuð sem hesthús. Þeir Marteinn Arnoddson og Rafn Thomasson kvittuðu upp á laka torfristu og -stungu árið 1713 á Skarðsá.⁴⁰ Húsveggir þar báru þó með sér árið 1989 að það hafði ekki valdið síðustu hleðslumönnum vandræðum.



Mynd 40. Ofar. Mynd 41. Til hægri.



Flestir veggir Skarðsárþégarinnar voru hlaðnir upp úr skriðugrjóti í streng. Í efstu lögum víða var ýmist klömbruhleðsla eða strengjahleðsla, sem virtust vera uppgildingar. Í búrinu var strengjahleðsla í öllum veggjum nema gangaveggjum og sömuleiðis virtist hafa verið strengjahleðsla í norðurgafli baðstofunnar. Suðurgafliinn var hlaðinn úr klömbru og streng ofan á allháa hleðslu úr grjóti í streng. Á myndinni til hægri eru bæjardyrnar. Hægra megin við þær var skemman (síðast hesthús). Á milli bæjardyra og skemmu var veggur hlaðinn úr grjóti í torf. Fyrir norðan skemmuna var bárujárnsklætt fjós. Göngin á Skarðsá voru að mestu hlaðin úr grjóti í torf en klömbruhnaus var í efstu þremur veggjalögum, með streng á milli. Aftan við (t.v.) bæjardyrnar var hlóðaeldhúsið og öftust húsa var baðstofan. Á myndinni sést að búið er að breiða plastdúk yfir baðstofuþekjuna til að verjast leka. Ekki var að sjá á veggahleðslunum að neinn skortur væri á torfi þótt jarðamatsmenn hefðu metið það svo á 18. öld/Ljósm.:SS-1987, 1989.



Mynd 42.



Mynd 43.



Mynd 44.

Á mynd 42 sést Rafha eldavél í gegn um gat á þekjunni. Skarsúð baðstofunnar var orðin gótótt vegna stöðugs leka og fúa. Syllan var á sínum stað ófúin. Lokrekka, við norðurgafli baðstofunnar, var eins og flest annað innanstokks, listileg smíði og með spjöldum, sjá mynd 43. Víða í húsunum mátti sjá að þau höfðu verið vönduð smíði í öndverðu en viðhaldsleysi síðustu áratugina hafði tekið sinn toll á þessum merkilegu byggingum/Ljósm.SS-1987, 1991.

³⁹ Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi, Staðarhreppur – Seyluhreppur, 2001. Bls. 31.

⁴⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 82, 106.

Halldórsstaðir á Langholti – fjárhús

Á túninu suður af núverandi íbúðarhúsi á Halldórsstöðum, töluverðan spöl frá gamla torfbæjarstæðinu, voru fjárhús þar sem járngrindarbogum úr stríðsárabragga hafði verið komið fyrir ofan á torfhlöðnum tóftum og tunnustafir negldir á grindina. Enginn veit aldur þessara mannvirkja annað en að yfirbyggingin var væntanlega ekki eldri en frá miðri 20. öld. Hústóftin og neðstu veggjahlutar voru sennilega eldri. Langholtsbændur hafa löngum búið við góða torfstungu og -ristu, sem auðvelt var að nálgast.⁴¹



Mynd 45.



Mynd 46.



Mynd 47.

Myndir 45-47 sýna fjárhús frá miðri 20. öld. Veggir voru hlaðnir úr klömbruhnaus í streng, frá botni og uppúr. Þetta var jötuhaus. Jatan var þannig gerð að tréstubbar voru skáreknir ofan í gólfið og tvö borð negld á þá. Hún var nokkurs konar tréstokkur meðfram öðrum langveggnum. Veggurinn var hlaðinn úr óvenju stórum klömbruhnausum með streng á milli og grjótaus, enda torveldara að finna grjót í Halldórsstaðalandi heldur en torf. Syðri langveggur húsanna var fallinn og járnbitar (járnsperur), þeir sem héldu þakinu uppi, höfðu fallið niður með honum en héngu uppi á nyrðri veggnum. Við hann stóðu stóðir stóðu undir lausholti úr tré, sem járnbitarnir hvíldu á. Endagaflinn var úr sama efni og var á þakinu/Ljósm.SS-1995.

Syðra-Skörðugil á Langholti – bæjardyr, baðstofa, hlóðaeldhús, skáli

Í úttekt Brunabótafélags Íslands árið 1934 segir m.a. um Syðra-Skörðugilsbæinn:

„Bæjardyr, skáli og skemma snúa austur og vestur og eru með timburstöfnum fram á hlaðið. Allir aðrir útveggir eru af torfi og þök af sama efninu. Húsin fráskilin hvert öðru með torfveggjum. [...] Búr næst baðstofu sunnan gangna. Þar er eldavél. Hlóðaeldhús næst baðstofu, norðan ganga. Reft á vegg. Skáli norðan bæjardyra. Skemma sunnan bæjardyra með útidyrum í austur. Bæjardyr milli skála og skemmu. Göng frá bæjardyrum til baðstofu. Eldiviðarkofi norður af baðstofu. Baðstofa uppbyggð 1940. Byggingin er torfbygging [...] hólfað í tvennt með einföldu timburþili. Syðri hlutinn er baðstofan 3,50x3 m. með timburgólfi, veggir, þiljaðir, strigalagðir og betrektir. Þakið úr torfi á tróðviði strigalagt og betrekt. Gluggar eru tveir annar á suðurstofu en hinn vesturhlið. Norður hluti er eldhús með timburgólfi, veggir þiljaðir og strigalagðir að vestan og norðan. Þök samskonar og á baðstofu, dyr eru á austurvegg. Eldavél í suðaustur horni, dyr eru til baðstofu“⁴².

Árið 1940 var baðstofan endurbyggð, járn sett á nokkur þök og bæjardyrnar þiljaðar.⁴³ Ekkert var átt við hlóðaeldhúsið og það hélt sinni gerð með þvertjám sitjandi á veggjum og reft á vegg. Engar aðrar stóðir voru undir þakviðunum á hlóðaeldhúsinu en dvergarnir sem stóðu á þverbitunum og héldu

⁴¹ Í Jarðabókinni finnst ekkert um Seyluhreppsjarðir þannig að 18. aldar mat kemur ekki fram á nokkrum næstu stöðum auk Halldórsstaða, eða á Syðra-Skörðugili, Geldingaholti, í Holtskoti, Krossanesi eða á Völlum.

⁴² HSk. Skýrsla Brunabótafélags Íslands. Virðingarnr. 11.

⁴³ Sigurjón Jónasson á Syðra-Skörðugili (1915-1993).

mænisásunum uppi. Þverbitarnir lágu á veggjunum eins og úttektin segir að raftarnir hafi gert og förin eftir bitaendana sáust þegar farin var vettvangsferð í Skörðugil árið 1989. Hörður Ágústsson taldi að þakgerðin á hlóðældhúsinu á Syðra-Skörðugili væri af mjög fornri gerð og sennilega eina dæmið um hana sem eftir var í landinu.⁴⁴



Mynd 48.

Gamli bærinn á Syðra-Skörðugili stóð á brekkubrúninni á austanverðu Langholti. Af hlaðinu var gott útsýni yfir flatlendi Skagafjarðar. Baðstofan var öftust húsa, lengst t.v. á myndinni og snéri norður-suður. Skáli, bæjardyr og skemma snéru þvert á hana, í austur/vestur/Ljósm.SS-1989.

Í húsum bæjarins var engin upphitun og steinolía var notuð til ljósa þar til rafmagnið kom um miðja 20. öld.⁴⁵ Syðra-Skörðugilsbærinn brann sumarið 1990. Kveikt var í ruslatunnu norðan við hann á blíðviðrisdegi í maí. Golan, sem stóð af norðri, bar pappírusrul í sinu á þak bæjarins og læsti sig í sinuna. Þekjan fuðraði upp. Ekki var reynt að bjarga bænum enda illa farinn og að mestu niður fallinn.



Mynd 49 er af baðstofunni. Settar voru útidyr og forstofa á hana stuttu áður en flutt var úr bænum í kring um 1960. Á mynd 50 er horft úr austri til skála, bæjardyra og skemmu/Ljósm.SS-1989.



Mynd 50.



Mynd 51. Hér sést ofan í hlóðældhúsið, sem var eina húsið í bænum sem allt var hlaðið upp af streng. Húsið var fremur mjótt. Þvert yfir, á milli veggja, gengu þverbitar, sem á stóðu dvergar, sem héldu ásum uppi, en húsið var tveggja ása. Flestir þakviðir voru fallnir ofan í tóftina, sem og raftar sem höfðu legið af veggjum upp á ásana. Á myndinni sést einn þverbitanna liggjandi á milli veggja. Spor eftir aðra þverbíta sjást einnig ofan á og í veggina. Ekki var hægt að sjá að þeir hefðu hvílt á hellublöðum, borðstubbum eða öðru en á veggjunum sjálfum/Ljósm.SS-1989.

⁴⁴ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 136.

⁴⁵ Sigurjón Jónasson á Syðra-Skörðugili (1915-1993).

Geldingaholt – hlóðældhús, baðstofa, skemma, fjárhús

Í Geldingaholti stóð hluti af gömlum torfbæ þar til hann var felldur árið 2018. Hann stóð fast upp við þriggja hæða íbúðarhús sem brann til kaldra kola í nóvember 2016. Við slökkvistörfin laskaðist sá hluti hans sem stóð upp við húsið. Eftir það þótti ekki tækt að hafa hann sem nágranna við nýtt hús, sem byggt var á sama stað og hitt hafði staðið. Bærinn hafði fram að því verið notaður sem geymsla og hlóðældhúsið var notað sem reykhus fram undir aldamótin 2000.



Mynd 52.

Hlóðældhúsið, með strompum, var notað sem reykhus fram yfir aldamótin 2000. Þil með tvöföldum hurðum er á skemmunni. Vinstra megin við hana er baðstofan/Ljósm.SS-1988.



Mynd 53.



Mynd 54.

Fjær er klömbruhlaðið hlóðældhúsið, nær er strenghlaðin baðstofan. Á milli þeirra, með hvítu þili og glugga á er búr. Skemman og búið voru síðasta aðlögun bæjarins að nútímanum/Ljósm.SS-1988.



Mynd 55.



Mynd 56.

Mynd 55 er af nyrðra skemmuhorni. Veggirnir voru hlaðnir úr grjóti í streng upp um fjögur lög og þar ofan á úr klömbruhnaus í streng. Mynd 56 er af suðvesturenda baðstofu, sem var hlaðinn var úr streng. Ekkert grjót sást í baðstofuhleðslum. Í vettvangskonun árið 1988 sáust hleðslurnar betur og sýnt að við síðustu endurgerðir á veggjum hafði grjóti verið bætt við. Elstu hleðslurnar virtust allar grjótlausar eða grjótltlar/Ljósm.GSS-2017.



Mynd 57.

Hlóðareldhúsið var allt hlaðið upp með klömbruhnaus í streng. Efst í veggjunum voru nokkur lög af streng sem virtist hafa verið lagt á þá til að hækka þá. Neðst í veggjum voru tvö til fjögur grjótlög, hlaðin í streng. Skemmuveggir voru eins hlaðnir nema útveggir hennar voru grjótríkari að en innveggirnir/Ljósm.GSS-2017.



Mynd 58.

Í útveggjum baðstofu og búrs og í milliveggjum baðstofunnar var hlaðið úr sniddu/hnausum og fremur þykkum streng. Innveggir búrsins voru hlaðnir upp að hluta til úr klömbru í streng. Veggirnir voru misþykkir. Milliveggirnir voru 40-80sm þykkir en útveggirnir voru allt að 2m þykkir/ Ljósm. GSS-2017.

Leifar gamalla fjárhúsa, sem síðast voru notuð sem hesthús og stóðu fram undir 1980, voru syðst í túni í Geldingaholti, norður undan byggingum í Garðhúsum. Hið sama gildi um Geldingaholtshúsin eins og á Langholtinu að þar var ríkuleg torftaka en grjót af skornum skammti. Allt grjót, sem upp kom bæði þegar teknar voru grafir í heimagrafreitnum eða grafinn skurður var hirt, annað grjót þurfti að flytja að langar leiðir.⁴⁶



Mynd 59.

Leifar hinna fyrstu Garðhúsa, sem svo voru kölluð. Þetta voru tvístæð fjárhús. Í flestum veggjum húsanna var klömbruhleðsla með streng á milli en grjót var þar í litlum mæli miðað við búpeningshús/Ljósm.SS-1988.

⁴⁶ Brynleifur Tóbiasson (1937-2006). Uppalinn í Geldingaholti.

Holtskot – fjárhús, hlaða

Nyrst á Geldingaholti er Holtskot, fyrrum hjáleiga frá Geldingaholti. Árið 1988 stóðu útveggir hlöðu, hluti af fjárhúsum og hluti af veggjum bæjarhúsanna. Flestir veggirnir voru hlaðnir úr streng.



Mynd 60. Horft vestur yfir tóftarleifar húsanna. Framhluti bæjarins var lengi notaður sem geymsla /Ljósm.SS-1988.



Mynd 61.



Mynd 62.

Myndir 61 og 62 eru af hlöðunni, sem var sambyggð, aftan við fjárhúsin. Austurveggur hlöðunnar, sem var allur strenghlaðinn, nema tvö neðstu lögin sem voru hlaðin úr grjóti í streng, var enn um 2m hár. Á veggnum voru saman fallnar tóftardyr og virtist hafa verið reft yfir þær í öndverðu. Aðrir veggir hlöðunnar voru meira og minna hlaðnir úr grjóti í torf. Efri hluti veggja hefur verið strenghlaðinn. Veggjagrjótið var af öllum stærðum og sennilega margnotað, öld fram af öld. Fremur stórt kantað grjót í austurveggnum var af öðrum toga en í öðrum veggjum hlöðunnar og komið af öðrum vettvangi. Hlöður sambyggðar fjárhúsum urðu algengar um og fyrir aldamótin 1900, sagði Jónas frá Hrafnagili.⁴⁷ Þessar hlöðuveggjahleðslur gætu vel hafa verið svo gamlar /Ljósm.SS-1988.



Mynd 63 sýnir nyrsta hluta fjárhúsanna. Strengur var mest áberandi í veggjum en hnaus, bæði klambra og snidda var líka notuð, s.s. í norðurvegg fjárhúsanna /Ljósm.SS-1988.

Krossanes í Vallhólma – tóftardyr

Skammt frá núverandi íbúðarhúsi í Krossanesi eru leifar fjárhúsa sem byggð voru um 1930. Allir veggir voru fallnir, nema veggur á milli húsa og hlöðu. Veggir hlöðunnar voru hlaðnir úr klömbruhnaus með streng á milli. Dyrnar eru tvíhlaðnar bogadýr, úr hornhnausum.

Mynd 64. Veggurinn var tvíhlaðinn og um 2m á þykkt. Hornhnausarnir, sem dyrnar eru byggðar úr, voru fremur stórir upp í um meters hæð en minni í sjálfum boganum. Þrátt fyrir töluvert sig voru dyrnar enn vel manngengar bæði 1995 og 2009 þegar vettvangskannanir fóru fram. Stuðlahleðsla eins og í þessum dyrum var talin styrkari en flestar hleðslur en það var ekki á allra færi að hlaða þannig/Ljósm.SS-2009.



⁴⁷ Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 472.

Vellir í Vallhólma – framhús, baðstofa, fjós

Baðstofan sem enn stendur á Völlum var byggð um 1900 og framhúsið árið 1914.⁴⁸ Aðrir hlutar bæjarins stóðu þokkalega þegar farið var í fyrstu vettvangskonunnina þangað og um miðjan tíunda áratuginn þegar Byggðasafn Skagfirðinga fékk Hjörleif Stefánsson, arkitekt, til að mæla Vallabæinn upp. Á síðustu árum hefur húsum þar hrakað mjög.



Mynd 65. Framhúsið á Völlum árið 1988. Torfbak var á húsinu en að öðru leyti var það án torfhlífar. Aftan við það var gamli torfbærinn og var gengið í gegn um framhúsið inn í göngin sem tengdu það við eldhús, búr, hlóðaeldhús og baðstofu sem var öftust húsa/Ljósm.SS-1988.



Mynd 66.



Mynd 67.

Baðstofan með sínum fjórum gluggum var með þykkum og háum torfveggjum. Grjót sást hvergi í veggjum á Völlum. Þeir höfðu verið gildaðir upp, þ.e. tekið ofan af þeim og hlaðið með nýju efni í staðinn. Í uppgildingum voru fremur smátt stungna klömbrur (klömbruhnausar) og alls staðar var hún hlaðin í streng. Klömbruhleðsla var fyrir horn á baðstofunni, bæði í uppgildingunni og í neðri hluta veggjanna. Á milli glugganna (mynd 66) var hlaðið úr streng/Ljósm.SS-1988, 1995.



Mynd 68.



Mynd 69.

Vestan við baðstofuna var fjósið (t.v.), allt hlaðið úr torfi eins og bæjarhúsin. Hlaðið var úr stórum klömbruhnausum en efstu lögini voru úr streng. Þarna blöstu við, hlið við hlið, mismunandi útfærslur á sömu hleðslugerð. Á báðum húsunum var hlaðið fyrir horn með klömbruhnaus en fjóshornin voru farin að gefa sig 1995. Talað var um að hlaða fyrir horn þegar samskonar hnaus (hleðslugerð) var í hornhleðslunni eins og í vegghleðslunni. Norðurgafi hlóðaeldhússins (t.h.) var hlaðinn úr klömbruhnausum og búið var að gilda húsið upp með streng og hækka það. Þar norðan við húsin, við veggenda milli framhúss og hlóðaeldhús, stóð kamarinn/Ljósm.SS-1995.


⁴⁸ Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi, Staðarhreppur – Seyluhreppur, 2001. Bls. 363.

Krithóll á Efribyggð – fjárhús

Nókkru sunnan við íbúðarhúsið á Krithóli voru torfhlaðin fjárhús. Þau voru í notkun 1999 þegar vettvangskönnun fór fram. Þau voru með timburþili að framan. Á bakvið þau voru ummerki hlöðu og stóð enn hluti af vesturvegg hennar. Kjartan Björnsson, bóndi, sagðist ekki vita hvenær húsin voru byggð en þau hafi verið þar síðan hann myndi eftir sér.⁴⁹ Hann vissi ekki hvort framhliðin hefði einhverntíma verið torfhlaðin. Hann myndi ekki eftir annarri framhlið. Í jarðamatsskýrslu sem Sigurður og Henrec Jónssynir kvittuðu upp á árið 1713 var sagt að torftaka í Krithólslandi væri sæmileg.⁵⁰ Hleðslan í húsunum var úr streng, klömbru og grjóti.



Mynd 70. Húsið lengst til hægri, nyrsta húsið, var síðast notað sem reykkofi. Það stóð aðeins aftar en hin húsin. Í syðsta húsinu voru hýstir nautgripir en þar hafði verið fjós fram á níunda áratug 20. aldar. Húsin tvö á milli fjóss (nautahúss) og reykkofa voru fjárhús/Ljósm.ABB-1999.



Teikning III. Skissu þessa af Krithólshúsunum gerði Arna Björg Bjarnadóttir 1999.



Mynd 71.



Mynd 72.

Veggir húsanna voru hlaðnir að mestu úr skriðugrjóti í streng eins og sást á milli fjárhúsa og reykkofa (mynd 71). Við horn reykkofans (mynd 72) hafði kampurinn gefið sig og í stað þess að gilda hann upp var þiljað utan um hann til að verjast hruni/Ljósm.ABB-1999.

⁴⁹ Kjartan Björnsson f. 1932. Uppalinn á Krithóli.

⁵⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 107. Á þeim tíma þýddi sæmilegt nógu gott.




Mynd 73. Hér er horft jötumegin inn eftir Naut-húsi. Á innri hlið suður-veggjarins var hlaðið úr grjóti í streng alveg upp úr. Á stöku stað var hlaðið úr streng ofan á grjóthleðslur. Grjótið var fremur stórgert skriðu-grjót. Þakraftar voru lagðir beint á vegg og fremur langt inn á þá þannig að skot myndaðist milli þaks og veggja. Veggjastoðir (útstoðir) stóðu undir syllum (laus-holtum) en raftaendar lágu á veggslægu/Ljósm. ABB-1999.



Myndir 74. Vesturveggur hlöðunnar á Krithóli gaf glögga mynd af margendurteknum uppgildingum og misjöfnu efni. Neðst voru nokkur lög af grjóti í streng. Ofan á þeim mátti greina eldgamlar, leirríkar, ljósleitar, klömbrur á tveimur stöðum. Ofan á þeim voru snidduhnausar úr roftorfi. Hlöðuveggurinn hafði greinilega verið tekinn niður að grjóthleðslum og gildaður upp. Óbilaðir leirríkir klömbruhnausar hafa fengið að halda sér og vitna um vel hlaðið hús á undan þessu. Roftorf getur verið þurrt og gott að því leyti en það tekur það langan tíma að „setjast til“, pressast og ná kyrrstöðu og það rýrnar og sígur eins og annað torf. Grjóthlaðnar undirstöður hlöðuveggjanna gætu hafa verið endurnýttar aftur og aftur, jafnvel öldum saman. Ef ekki átti að gjörbreyta legu eða gerð hússins var engin ástæða til að hrófla við vel settum og stöndugum veggjaundirstöðum/Ljósm.ABB-1999.

Krithólsgerði á Efribyggð – fjárhús

Í jarðamatsskýrslunni frá árinu 1713 er ekki talað um búskap í Gerðinu annan en að þar sé fjárhús og stekkarstæði og að það tilheyrði Krithólsjörð sem á var sæmileg torfstunga.⁵¹ Gerðið byggðist upp á 19. öld. Íbúðarhús var steipt fast sunnan við torfveggi á gamla bænum árið 1950 en hlutar bæjarhúsanna voru notaðir sem fjárhús til 1999.⁵² Þau voru hlaðin úr klömbruhnaus og streng. Framhlið þeirra var þiljuð. Bak við þau voru ummerki hlöðu og stóð hluti af vesturvegg hennar uppi. Nyrsta húsið var síðast notað árið 1999 sem reykkofi. Í syðsta húsinu voru hýstir nautgripir (geldneyti) yfir veturinn. Húsið var áður fjós, til 1980 eða þar um bil.⁵³



Mynd 75. Austurveggur fjárhúsanna. Allir veggir húsanna voru hlaðnir úr klömbruhnausum með streng á milli. Hornhnausarnir, sem á myndinni virðast vera inni í miðri hleðslu (til hægri) mörkuðu norðurhorn þess húss sem íbúðarhús var steipt upp við, sunnan við það, árið 1950. Merkt x á teikningunni. Ný hús voru hlaðin upp eftir það norðan við það hús og norðurveggurinn, langveggur hússins, notaður áfram. Þess vegna var klömbruhleðslan hlaðin alveg upp að horninu. Augljóst var á hleðslunum að húsin höfðu verið margbætt og viðgerð. Hnausarnir voru yfirleitt stungnir fremur stórir. Torfið var rötarmikið og gott en bæði mátti sjá í því leir og talsverðan mýrarauða/Ljósm.SS-2017.

Teikning IV. Skissa sem Arna Björg Bjarnadóttir rissaði upp 1999, sýnir hvernig steinsteypt íbúðarhúsið, sem byggt var 1950, var staðsett alveg við gamla torfbæinn sem breytt var í búpeninghús.

⁵¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 107-8.

⁵² Árni Björnsson (1938-2017), ábúandi í Krithólsgerði.

⁵³ Kjartan Björnsson f. 1932. Uppalinn á Krithóli.



Mynd 76. Dyr á milli hlöðu og fjárhúsa. Hér eru hornhnausar með streng á milli laga. Grjót er neðst í veggjum. Á veggjabrotum þessum bar meira á húsa-punti en smágerða língresinu sem einkenndi flest gömul þök og tóftarbrot/Ljósm. BZ-2018.



Mynd 77. Fjárhúsveggur. Til hægri er grjóthleðsla með streng á milli laga. Til vinstri er klambra lögð í streng. Efst er veggurinn hlaðinn úr streng/Ljósm. BZ-2018.



Mynd 78.



Mynd 79. Efri.
Mynd 80. Til vinstri.

Torfið var vel rætið (rótaríkt, rótarmikið), leirríkt og gott s.s. strengjahrúgan (mynd 80) vitnar um. Ríkjandi hleðslugerð í Krithólsgærði var klömbruhnaus bundin með streng. Margir hnausanna voru litaðir af mýrarrauða. Neðst í veggjum var skriðu-grjót lagt í streng. Í dyrahleðslunni hér fyrir ofan er skemmtileg lausn á hornhnausavöntun. Í stað hornhnausa eru klömbruhnausar lagðir í hornið í fjórðu og fimmtu röð neðan frá. Sjaldséð en snjöll lausn/Ljósm. BZ-2018.

Kolgröf á Efrabyggð – búpeningshús

Fyrsta vettvangskonunnun í Kolgröf var gerð árið 1999. Þá stóðu þar fjárhús og hesthús sem stóðu enn að hluta til sumarið 2018 þegar þessar myndir voru teknar. Langflestir húsveggjanna voru hlaðnir úr klömbruhnaus í streng og úr grjóti. Jarðamatsskýrsluhöfundar árið 1713 sögðu torfristu þar vera lélega og að Kolgrafarbændur þyrftu að kaupa út reiðing.⁵⁴ Torfhleðslurnar sem þar voru enn sýndu engin merki um hörgul á torfi voru um margt merkilegar, svo sem myndirnar sýna.



Mynd 81. Ofar. Búpeningshúsin voru meira og minna hlaðin úr grjóti og torfi/Ljósm.BZ-2018.

Mynd 82. Mynd til vinstri. Hesthús stóð best, sennilega var það notað lengst þessara húsa /Ljósm.BZ-2018.



Mynd 83. Veggir hesthússins voru hlaðnir upp til háls úr skriðugrjóti í streng og upp úr með klömbruhnaus í streng. Grjóthlaðinn stallur var við annan langvegginn. Garðastokkar voru negldir á stoðir undir mænisásum, sem stóðu á garðanum. Þetta var einásahús. Raftar lágu á á ásin beint veggjum. Veggmegin, undir endum raftanna, voru hellublöð. Nokkur lög af streng voru efst í veggheðslunni. Í árefti voru notaðir tunnustafir og allskonar afgangs trjáviður/Ljósm.BZ-2018.

⁵⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 110. Reiðingur var notaður undir klyfbera, sem dýna í rúm, o.fl. Guðmundur Hannesson 1943. Bls. 57. Hann segir reiðing seigan, úr samanflæktum mýrajurtarótum og kallar hann grassvörð en það var samheiti notaði hann yfir alla ristu sem tekin var í efsta lagi torfristunnar hvort sem var á þurru eða í mýri.



Mynd 84. Hér er hluti innveggjar dottinn í burtu. Veggur með grjóthleðslu í streng næstum alla veggghæðina. Efstu hleðslulögin eru úr klömbru og streng. Í gatinu, sem myndaðist þegar innri hleðslan datt burtu, sést vel í fyllinguna. Jarðvegurinn utan við húsinn var eitthvað hærri en gólfið í fjárhúsunum sem gæti hafa valdið þrýstingi á vegginn en í þessu tilviki er sökudólgurinn vatnsrörið sem leitt hefur verið í gegn um vegginn. Sennilega hefur þarna dottið uppgilding úr veggnum sem hefur verið gerð þegar vatnið var leitt inn/Ljósm.BZ-2018.



Mynd 85. Veggur á milli fjárhúsa og hlöðu. Rekaviður er lagður yfir tóftardyrnar. Veggghleðslur eru úr skriðugrjóti og streng í neðri hluta en klömbru og streng í efri hlutanum. Hér bregður fyrir fremur óalgengri hleðsluaðferð, þ.e. að leggja nokkur lög af streng á milli klömbruhausanna í annari hverri röð. Smágert língresið, eins og þarna óx á veggjabrotum og þökum er einkennisjurt í þurrum gömlum tünnum. Það þolir langvarandi þurrka betur en flestar plöntur. Sé það komið í þök þarf ekki að hafa áhyggjur af vökvun. Hið sama gildir um húsapuntinn/Ljósm.BZ-2018.

Álfgeirsvellir á Efribyggð – skemma

Árið 1999 stóð torfhús þar norður undan stórrí skemmu fyrir neðan veg. Þeir Sigurður og Henrec Jónssynir kvittuðu upp á það árið 1713 hjá jarðamatsmönnum að torfrista og -stunga væri sámlæg á Álfgeirsvöllum en reiðingur væri „tilfenginn“,⁵⁵ sem þýðir að þótt torftakan væri í lagi til húsbygginga hefur hún verið of rótarlítill til að hægt væri að rista reiðing.




Mynd 86. Veggendi (kampur) var hruninn á suðvesturhorni hússins. Hornhnausar höfðu verið hnoðaðir í burtu svo sást í uppfyllinguna. Veggir voru að mestu hlaðnir úr klömbruhnaus í streng. Efst í veggjum var strengjahleðsla sem gæti hafa verið uppgilding á veggnum /Ljósm.ABB-1999.



Mynd 87. Neðst í veggjum voru tvær til þrjár raðir (hleðslulög) af grjóti með streng á milli. Þar ofan á var klömbruhleðsla í streng og efstu lögin voru eingöngu úr streng/Ljósm.ABB-1999.



Mynd 88. Í hluta norðurveggjar, sem var orðinn mjög slitinn, sást í fyllinguna á milli innri og ytri hliðar veggjarins. Sporðar klömbruhnausanna liggja inn í vegginn og á milli þeirra er fylling úr afskurði, roftorfi og öðrum rætnum jarðvegi. Í fyllingunni sást að torfbinding var þvert yfir uppfyllinguna á milli ytri og innri hliðar (ytra og innra borð) veggjarins. Veggþykktin var um 1,2 m. Klömbruhnausarnir voru um 40sm langir þannig að uppfyllingarefnið var drjúgt/Ljósm.ABB-1999.



Teikning V. Skissa Örne Bjargar af grunnfleti hússins/Ljósm.ABB-2000.

⁵⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 112.

Ytra-Vatn á Efribyggð – fjárhús

Á Ytra-Vatni var sama staða gagnvart torftöku eins og á öðrum Efribyggðarbæjum og kom fram hér á undan um Álfgeirsvelli og Kolgröf að 18. aldar jarðamatsmenn töldu torftöku þar fremur lélega og að bændur þyrftu að kaupa út reiðing.⁵⁶ Þar standa enn fjárhús sem að grunni til eru byggð á húsatóftum torfbæjar sem búið var í til 1886.⁵⁷ Ekki er hægt að sjá að lök torftaka hafi háð viðhaldi á þeim.



Mynd 89. Fjárhúsin eru tvöföld, tvístæð, garðahús, þ.e. garði er eftir miðju húsi í þeim báðum, tvær krær (fjórar samtals). Húsin eru nú með timburgöflum. Grjóti er hlaðið í streng neðst í veggjum upp undir miðja vegg en að öðru leyti eru þeir hlaðnir úr klömbruhnaus í streng eða eingöngu úr streng/Ljósm.SS-2017.



Mynd 89.



Mynd 90.

Veggir voru hlaðnir úr klömbruhnausum í streng/Ljósm.BZ-2018. Garðarnir í fjárhúsunum voru grjóthlaðnir með streng á milli laga eins og neðri hluti húsveggjanna. Garðar voru með sömu hleðslu og neðri vegg hlutar, með grjóti í streng. Í öðru húsinu var búið að steypa kápu utan á garðann/Ljósm.BZ-2018.



Mynd 91. Heytóft var/er að húsabaki. Hér hafa verið hlaðin upp hey (fúlgur)/BZ-2018.

⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 114.

⁵⁷ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 500.

Steinsstaðir í Tungusveit – baðstofa, búr, fjárhús, hlaða, brunnur

Steinsstaðabærinn var að mestu endurhlaðinn og breytt öðru hvoru megin við aldamótaárið 1900 en hann var yfirgefinn árið 1943. Baðstofan brann árið 1938, ásamt fjósinu undir henni.⁵⁸ Jarðamatsmenn 18. aldar sögðu sæmilega torftöku í Steinsstaðalandi þótt engan reiðing væri að fá þar.⁵⁹ Þau orð skjóta skökku við þegar horft er til torfsins í bænum sem stóð þar á 20.öld. Bæjarleifarnar virtust hlaðnar úr ágætis efni og árið 1995 stóðu enn nokkrir veggir gamla bæjarins.

Mynd 92. Dyr milli baðstofu og búrs voru á mestu hlaðnar úr vænum hornhnausum en veggirnir sem að þeim standa voru meira og minna klömbruhlaðnir og yfirleitt með streng á milli laga, svo sem sjá má á myndinni. Frá því um aldamótin 1900 var grjót-hlaðinn kjallari undir búrinu og hleðslan var límd saman með steinlímingu (fúgufyllt). Þarna var húsapunktur meira áberandi en smágerða língresið/Ljósm.SS-1995.



Mynd 93. Þunnhlaðinn milliveggur í norður-enda baðstofunnar var hlaðinn úr grjóti í streng að hálfu og fínstungnum klömbrum í streng að hálfu. Sporðar klömbruhnausanna lágu saman þannig að nánast engin uppfylling var í veggnum. Hann var um 50sm þykkur efst og 90sm neðst.



Mynd 94. Hesthús stóð á Steinsstöðum árið 1995. Hey var í stalli við annan langvegginn. Húsið var einása og stóðu stoðir undir ásnum upp af miðju gólfinu. Undir þeim voru stórir stoðarsteinar sem stóðu upp úr gólfinu. Raftar lágu frá veggjastoðum á mæninn og reft var langsum ofan á þá. Skáskotnar stoðir höfðu verið settar undir raftana til að smíða stallinn við. Áreftið var gisið og nærþakið farið að trosna og lafði víða/Ljósm.SS-1995.



⁵⁸ *Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur*, 2004. Bls. 149. Fjósið undir baðstofunni var hlaðið úr grjóti í streng eins og neðri hluti hlöðuveggjarins. Baðstofustoðir og gólfbitar lágu á veggjunum. Heimild: Friðrik Ingólfsson (1924-2004). Uppalinn á Steinsstöðum.

⁵⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930. Bls. 138.



Mynd 95. Hlöðuveggur á Steinsstöðum. Neðst virtist veggurinn vera hlaðinn úr nánast þurru skriðugrjóti (þurrmúr) með litlu sem engu torfi. En ekki er allt sem sýnist, sjá neðri mynd af sama vegg. Undir efsta grjótlaginu var greinilegur strengur. Ofan á grjóthleðslurnar var hlaðið með klömbruhnaus í streng og allra efst var strengjahleðsla en undir henni var hnausaröð farin að riðlast til. Veggurinn virtist hafa verið endurhlaðinn síðast frá næstefstu grjótröð og upp úr. Athygli vakti að tvær raðir eru lagðar til sömu áttar þannig að hið hefðbundna klömbruhleðslumunstur brotnaði upp. Það þarf ekki að þýða annað en að hleðslumenn hafi fremur hlaðið af kappi en forsjá/Ljósm.SS-1995.



Mynd 96. Sami hlöðuveggur séður utan frá. Alls staðar á milli grjótlaga, neðst í veggnum er strengur. Ofan á grjóthleðslunni eru nokkur lög af streng. Þar næst koma þrjú lög af klömbruhnaus með streng á milli. Efst virðast vera hnausar (kvíahnausar) úr roftorfi (sennilega þekju) með streng á milli. Best er að þekkja kvíahnausa í hleðslum með því að þeim var alltaf hvolft þannig að grashliðin snéri niður. Þessi úthlið hlöðuveggjarins var verulega mikið meira veðruð en sú hlið sem inn snéri á sama vegg, hér fyrir ofan/Ljósm.SS-1995.

Brunnur var við austurhlið bæjarins á Steinsstöðum. Brunnopið var um 1,5m í þvermál og sagður um 6m djúpur. Sagt var að Sigríður Sigurðardóttir (1860-1942), húsfreyja þar, hafi látið grafa þennan brunn skömmu fyrir aldamótin 1900. Hún gafst ekki upp þótt djúpt yrði að grafa og loksins kom vatn.⁶⁰



Mynd 97. Brunnurinn er grjóthlaðinn í streng að innan og mjókkar aðeins niður, eftir því sem best var séð. Á honum var vinda til að hala upp vatnsföturnar/Ljósm.SS-1992.

⁶⁰ Friðrik Ingólfsson (1924-2004). Uppalinn á Steinsstöðum.

Hóll í Tungusveit – fjárhús

Á Hóli sögðu jarðamatsskýrsluhöfundar 1713 að væri sæmileg torftaka.⁶¹ Þegar vettvangskönnun fór fram árið 1998 stóðu þar torfhlaðin fjárhús frá 1920.⁶² Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti nema framhliðin sem á var með timburþili til 1970. Þá var hún steipt upp. Húsin voru rifin um aldamótin 2000.



Mynd 98. Framhlið (vesturhlið) fjárhúsanna. Á húsunum voru upphaflegu hurðirnar. Norður-, austur- og suðurveggur, voru allir hlaðnir úr grjóti í streng upp í miðja vegg en þar ofan á úr klömbruhnaus, með strengbindingu. Nokkrum sinnum hafði verið gert við veggina eftir miðja 20. öld/Ljósm.SS-1998.



Mynd 99. Samskonar hleðslur voru á suðurhlið fjárhúsanna og þar sást að ytri hlið veggjanna hafði rofnað frá á pörtum og fallið burtu svo að sást í uppfyllinguna, sem virtist vera úr sundur þjökkuðu roftorfi og torfbindingu (sennilega strengjum). Hún var fremur laus í sér/Ljósm.SS-1998.




Mynd 100. Austurhliðin var biluð en hleðslan sást vel. Hornin voru ósködduð og öll hlaðin með klömbruhnaus. Talað var um að hlaða fyrir horn þegar klömbrur voru lagðar í hornin þannig að þau urðu ávöl í stað 90° horna sem mynduðust þegar hlaðið var úr hornhnausum og streng/Ljósm.SS-1998.

⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 128.

⁶² Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 249.

Breiðargerði í Tungusveit – framhús, baðstofa, hesthús, fjárhús, hlaða

Breiðargerðisbærinn var að hluta byggður um 1900 en breytt og framhús byggt árið 1934. Það ár voru húsin tekin út vegna brunabótamats. Þau voru öll úr torfi og grjóti en þiljuð að innan með timbri. Upphitun í baðstofu var með eldavél og steinolía var notuð til ljósa. Þann 12. febrúar árið 1957 var bætt við skýrsluna úttekt á svokölluðu íbúðarherbergi (stærð 3,8x1,7m, hæð 3m). „Tekinn var torfveggur milli baðstofu og stofu – sem sjá má á teikningunni er fylgir eldri virðingargerð og herbergið er mest á hans stað. Timburgrind er í herberginu. Klædd þilplötum. Ris er klætt timbri. Þak er úr torfi“. ⁶³ Allt var jafnað við jörðu árið 1999 nema framhúsið sem enn stendur. Utan við bæjarhólinn var brunnhús, yfirbyggður brunnur. ⁶⁴ Jarðamatshöfundar árið 1713 sögðu torftöku sæmilega í Breiðargerðislandi og miðað við torfgæði veggja sem enn stóðu 1989 má vel taka undir það. ⁶⁵



Teikning VI. Úr brunabótamatsskýrslu frá 1934: a) baðstofa, b) búr, c) framhús, d) eldhús, e) göng, f) geymslukofi, g) fjós, h) hesthús, i) hlaða. Baðstofan (a) var 3,8x3,8m², hæð 3,2m, alþiljuð með litlu herbergi. Búrið (b) var 5,5x3,8m² og hæðin var 3,6m. Það var þiljað að innan eins og framhúsið (c), sem var 5x3,8m² að flatarmáli og 4m á hæð. Framhúsið skiptist í bæjardyr og stofu, sem innréttuð var með geymslulofti. Göngin (e) voru 4,4x0,9m² og 2m á hæð. Eldhúsið (d) var 5x2,5m² og hæð þar var 2,6m. Göng og eldhús voru óþiljuð. Sambyggð bænum voru: geymslukofi (f) 2,5x3,8m² og 4m á hæð, fjós (g) sem var ómælt, hesthús (h) 4x3,5m², og 2,2m á hæð og hlaða (i), ekki mæld. ⁶⁶



Mynd 101. Næst á myndinni er hesthúsið og þarnaest fjósið, norðan við bæjardyrnar. Veggir búpeningshúsa voru meira og minna hlaðnir úr grjóti (skriðugrjóti) í torf (streng). Hlöðuveggir voru meira úr torfi en grjóti einkum önnur langhliðin. Ríkjandi torfhleðslur voru klömbruhnausar í streng /Ljósm.SS-1989.



Mynd 102. Hér er horft til bæjarhúsanna úr suðri. Baðstofan er með tveimur gluggum. Gafll framhússins t.v./Ljósm.SS-1989.

Mynd 103. Framhúsið, byggt árið 1934 á grunni skála sem þar stóð í sömu áttir/Ljósm.SS-1992.

⁶³ HSk. Skýrsla Brunabótafélags Íslands. Virðingarnr. 30.

⁶⁴ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 261.

⁶⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 128.

⁶⁶ HSk. Skýrsla Brunabótafélags Íslands. Virðingarnr. 30.



Mynd 104. Torfhleðslur í gafilhlaði fjóshlöðunnar, norðan við bæinn, voru margskonar. Neðst í veggnum var klömbruhleðsla án strengbindingar. Ofan á henni var strengjahleðsla, sem hefur verið efsta lag gafilhlaðsins áður en það var hækkað upp. Uppgildingin þar ofan á var úr klömbruhnaus með streng í milli. Skorið hefur verið sæti fyrir mænisásenda sem hefur verið lagður á steinhellur efst á gafilhlaðinu. Þær voru enn á sínum stað í miðju gafilhlaðinu. Stoðarsteinar voru enn á miðju gólfi/Ljósm.SS-1992.



Mynd 105. Allir veggir hesthússins voru hlaðnir upp úr grjóti (skriðugrjóti) í streng og fylltir upp með torfi og jarðvegi. Þessir veggir voru um tveggja metra þykkir. Á myndinni er horft inn um dyr, á stallinn. Uppfyllingin í veggjunum var meira og minna úr afskurði, sem varð til þegar veggir voru snyrtir, og roftorfi (sennilega torfi úr gömlum, eldri veggjum). Hið sama mátti einnig sjá í fyllingu á Álfgeirsvöllum (mynd 88)/Ljósm.SS-1989.



Mynd 106. Stallurinn í hesthúsinu var hlaðinn úr grjóti og torfi, eins og neðri veggglutarnir. Hæð á stalli var um 60sm. Grjóthleðslur vörðu sig betur en torfhleðslur gagnvart nagi, nuddi og rakadampi sem oft var raunin í búpeningshúsum. Jónas frá Hrafnagili sagði ástæðu grjóthleðsla þar þó fremur hafa tengst þeirri trú „að veggina að innan þyrfti að hafa úr eintómu grjóti svo hátt, að andi fjárins næði ekki til að leika um torfveggina, því að þá grotnaði hann og fúnaði undireins“.⁶⁷ Hver sem raunin var um trúna að þá gátu grjóthlaðnir veggir búpeningshúsa enst vel og lengi/Ljósm.SS-1989.



Mynd 107.

Um 70m sunnan við bæinn voru fjárhústóftir (mynd 107). Þetta höfðu verið tvíása, garðahús, með tveimur króm, hvor fyrir 40 ær. Garði var fyrir miðju. Hluti stóð 1989 (mynd 108). Stoðir undir ásum stóðu á garðanum, sem var grjóthlaðinn en timburstokkur ofan á. Þakraftar lágu á hellublöðum á veggjunum. Áreftið var gisið. Megin ásar hússins voru samskeyttir úr nokkrum stykkjum, fremur grönnum trjám/Ljósm.SS-1989, 1992.



Mynd 108.

⁶⁷ Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 470.



Mynd 109. Hlaðan stóð stök um 10 metrum austan við fjárhúsin. Bæði hlaðan og húsin voru hlaðin úr klömbruhnaus með streng á milli. Hlöðuveggir voru allir út torfi nema austurveggurinn sem var hlaðinn úr grjóti og streng/Ljósm.SS-1992.



Mynd 110. Geithús hétu beitarhús frá Breiðargerði, um 2km austar og sunnar en heimafjárhúsin voru og snéru timburgaflí til austurs. Þau voru síðast byggð upp á þriðja áratug tuttugustu aldar⁶⁸ og voru jöfnuð við jörðu árið 1999 eins og aðrar húsatóftir í Breiðargerði/Ljósm.SS-1989.



Mynd 111. Geithús voru einása jöтуhús. Ríflega meters breið jata var við langvegg norðurhússins. Fremst var einföld grjótröð. Lega mænisáss markaðist af jötubreiddinni og þess vegna var hann ekki alveg undir miðju húsinu. Stoðir hans stóðu á jötusteinum. Jötustokkar úr viðarborðum hafa verið negldir þar á. Jötubotninn var jafnhár gólfi en hann gæti hafa verið hækkaður með trégólfi. Stoðir voru undir lausholti á parti, á norðurvegg. Raftar lágu ýmist á lausholti eða á veggjunum. Stórgerður klömbruhnaus einkenndi húsin og óvenju lítið var af grjóti, miðað við fjárhús og miðað við að önnur hús í Breiðargerði voru grjótríkari. Geithús stóðu á lítilli hæð með torfrikum mýrarflóum á tvær hliðar þar sem auðvelt hefur verið að rista og stinga torf/Ljósm.SS-1989.



Mynd 112. Sama fyrirkomulag var í suðurhúsinu. Þakraftar lágu á hellublöðum á suðurveggnum, eins og í hinu húsinu. Grjótröð (grjótkantur) afmarkaði jötubreiddina. Jötustokkur var settur ofan á hana. Krær húsanna voru mjóar, rétt um tveir metrar á breidd. Stoðir stóðu á stoðarsteinum undir „langröftum“ sem náðu frá mænisás út á syðri vegginn. Á þær, á milli krónna, hafði verið neglt timburþil/Ljósm.SS-1989.

⁶⁸ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 262.

Þorljótsstaðir í Vesturdal – bæjarleifar

Þorljótsstaðabærinn var að mestu leyti byggður upp á 19. öld og var í notkun fram um 1940.⁶⁹ Bæjarhúsin voru að mestu fallinn 1989 þegar fyrsta vettvangskonnnun fór fram. Hlóðældhúsið var ekki alveg fallið en það var mjög sigið og ekki lengur manngengt. Í veggjum bæjarins var talsvert grjót og sennilega hefur eitthvað af því verið í veggjum síðan árið 1797 þegar Steinn og Ástríður byggðu upp bæ og létu dætur sínar bera grjótið heim á handböfum.⁷⁰ Jarðamatsmenn árið 1713 sögðu að torftaka í landi Þorljótsstaða væri engin, önnur en „grundarþökur einar“.⁷¹ Grundar- eða valllendistorf var rist af þéttu, vel grónu þurru landi. Þannig torf væri sennilega kallað þökur í dag.



Mynd 113. Árið 1995 litu húsin á Þorljótsstöðum svona út. Hluti húsanna var þá notaður sem skjól fyrir smala og hestaferðafólk. Torfið, sem grjótið var lagt í upphaflega á ytri hlið veggjanna og batt hleðsluna saman, var allt burtu veðrað. Í enda hússins nær var svefnpláss. Eldavélinni var komið fyrir þar sem strompurinn (rörið) er/Ljósm.SS-1995.



Mynd 114.



Mynd 115.

Horft er til baðstofunnar (mynd 114) þar sem eldhús var sett inn á 20. öld og sjást hleðslur í útveggjum að hluta til. Á mynd 115 sést sami veggur og sami hurðarfleki, eins og á mynd 113, en tólf árum seinna. Veggirnir voru orðnir vel uppgrónir árið 2017 þannig að hleðslugerðir voru ógreinilegar. Ýmis sveifgrös og snarrótarpuntur voru búin að festa rætur í fúnu torfinu/Ljósm.SS-2017.

⁶⁹ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 318, 323-4.

⁷⁰ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 318.

⁷¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 128.

Hofsrétt og Hlíðarrétt í Vesturdal – skilaréttir

Hofsrétt stendur á sporðinum á milli Hofsár og Jökulsár vestari og er að grunni til frá 19. öld. Hlíðarrétt var byggð í landi Bjarnastaðarhlíðar árið 1913.⁷² Hún tók við hlutverki Hofsréttar sem skilarétt. Báðar eru þær hlaðnar úr grjóti. Hofsrétt er í Hofslandi, köntuð, með almenningi og sex dilkum. Hlíðarrétt er hringlaga með almenningi og tíu dilkum. Hún er í landi Bjarnastaðarhlíðar. Réttin stendur á sendnum jarðvegi og í heimadilknum voru ræktaðar kartöflur um tíma.⁷³ Haustáburðurinn var góður til ræktunar. Fjárréttir voru oftast en ekki hlaðnar úr grjóti af sömu ástæðu og landamerkjagarðar og túngarðar voru úr torfi og grjóti og jafnvel alveg úr torfi. Grjóthlaðnir garðar, veggir, voru þar sem auðvelt var að ná í grjótið. Grjótgarðar vörðu sig betur fyrir búfé heldur en torfhlaðnir garðar. Réttir eða önnur aðhöld sem hlaðin voru upp á skriðum eða áreyrum voru oft úr þurru grjóti og standa enn.



Mynd 116. Hofsrett er ferhyrnd að lögun og virðist hafa verið hlaðin upp eftir þörfum og fjárfjölda. Hún var notuð fyrir Hofsbæina fram yfir miðja 20. öld. Grjótið í hana var týnt upp af eyrunum í kring og réttin hlaðin úr þurru grjótinu/Ljósm.SS-2003 og Loftmyndir ehf.⁷⁴



Mynd 117. Almennigur Hlíðarréttar, innsta rýmið, er fullkominn hringur. Innrekstrarhólfíð er hlaðið aðeins út fyrir hringform réttarinnar og þar er ágætur dilkur til viðbótar við þá ellefu sem ytri hringurinn gefur. Réttin er öll hlaðin upp eins og Hofsrett, úr framburði Jökulsár vestari og grjótið týnt upp af eyrunum í kring um hana. Hún er hlaðin úr þurru grjóti, þ.e. eingöngu grjóti (þurrmúr). Þegar réttir voru hlaðnar þurfti fyrst að ákveða hve margt fé almenningurinn varð að rúma, mæla fyrir stærð hans og hefja svo hleðsluna með því efni sem næst var. Réttarstæðið grjóthreinsaðist jafnótt og hlaðið var/Ljósm.SS-2003 og Loftmyndir ehf.⁷⁵



⁷² Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 27.

⁷³ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 27, 301.

⁷⁴ Skagafjörður.is, sjá <https://www.map.is/skagafjorður/>. Skoðað 14.11.2018.

⁷⁵ Skagafjörður.is, sjá <https://www.map.is/skagafjorður/>. Skoðað 14.11.2018.

Guttabú í Vesturdal – fjárhús

Guttabú var hjáleiga frá Bjarnastaðahlíð. Jarðamatsmenn árið 1713 sögðu að þar sæjust tóftarleifar en „engra girðinga, ætla menn hjer hafi aldrei bygt verið fyrr nje síðar“.⁷⁶ Menn þekktu sem sagt ekki til búskapar í Guttabúi þá fremur en nú. Þar hafa hins vegar staðið fjárhús oftar en ekki í gegn um tíðina og síðast voru þar beitarhús frá Byrgisskarði.⁷⁷



Mynd 118. Guttabúsfjárhúsin voru þrjú tvístöðuhús, garðahús, sem stóðu hlið við hlið, samtals með sex króm og hlaða aftan við. Þau voru notuð fram undir 1960 og voru að mestu niður fallin í kring um 1975. Undir lok 20. aldar mátti enn vel sjá sköpulag húsanna og hleðslugerðir í þeim/Ljósm.SS-1999.



Mynd 119. Garðar skiptu hverju húsi í tvær krær. Þeir voru grjóthlaðnir. Bæði úr þurru grjóti og grjóti í streng. Tóftardyr voru á milli króa og hlöðutóftar, sem enn stóðu. Langstæstur hluti veggja sem enn sáust árið 1999 var hlaðinn úr skriðugrjóti í streng upp fyrir miðja vegg, upp fyrir tóftardyr. Ofan á, í efstu lögum vegghleðslunnar sem enn stóð, var klömbruhleðsla, yfirleitt með streng á milli/Ljósm.SS-1999.



Mynd 120. Hlöðuhliðarmegin, ofan tóftardyra, fór lítið fyrir strengbindingu í klömbruhleðslunni en hún var auðsjáanleg í grjóthleðslunni. Yfir tóftardyrum voru lögð tréborð, þétt saman, á alla breiddina. Töluvert grjótpúkk var í jarðvegsfyllingum milli ytri og innri hliðar veggjanna, sem séð varð/Ljósm.SS-1999.



Mynd 121. Sömu tóftardyr úr norðvestri. Tíu ára strákur stendur í dyrunum. Þetta voru lágar dyr, eins og flestar tóftardyr. Torf rýrnar, feyskist og myldast upp með árunum og þess vegna má alltaf gera ráð fyrir sigi á torfveggjum. Annað gildir um grjóthlaðna vegg. Þessar tóftardyr hafa varla verið búnar að síga mikið frá upphaflegri gerð/Ljósm.SS-1999.

⁷⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 147.

⁷⁷ Leifur Hreggviðsson (1935-1918) í Bakkakoti.

Bakkakot í Vesturdal – fjárhús, hlaða

Gamli bærinn í Bakkakoti og tvenn fjárhús norðan og sunnan megin við hann, ásamt hlöðu, stóðu enn árið 2017. Bæjarhús og flestar byggingar í Bakkakoti voru taldar vera frá 1898.⁷⁸ Einhver húsanna höfðu verið endurnýjuð um og fyrir miðja 20. öld. Þau voru ýmist hlaðin úr grjóti í torf, torfi eingöngu eða blöndu af báðum gerðum. Jarðamatsmenn árið 1713 sögðu torfristu og -stungu „sæmilega“ í Bakkakoti.⁷⁹ Vegghleðsluefni húsanna stóð vel sómasamlega undir þeirri fullyrðingu.



Mynd 122. Horft til Bakkakots úr suðvestri. Austan við bæinn uppi í brekkunni eru leifar fjárhúsa. Önnur fjárhús stóðu utar á túninu, ekki alveg niður fallin 1992. Bæjarhúsin var búið að þilja að utan og ryðja burtu torfveggjum að hluta til/Ljósm.SS-1992.



Mynd 123. Myndin sýnir tóftardyr milli hlöðu og fjárhúsa í Bakkakoti. Ríkjandi hleðslugerð í búpeningshúsunum þar var klömbruhleðsla í streng en í hlöðunni og í fjárhúsunum var hleðslan nánast strengjalaus, eins og sést á myndinni. Veggir voru hlaðnir upp í 1,2-1,5m hæð úr fremur smáu skriðugrjóti í streng og þar ofan á úr klömbruhnaus. Raftar lágu þversum yfir tóftardyrnar eins og í Guttabúi/Ljósm.SS-1992.



Mynd 124. Til vinstri.
Mynd 125. Til hægri.

Í hlöðu (mynd 124) og í fjárhúsunum (mynd 125) lágu raftendar á smáum steinhellum ofan á veggjum. Raftar lágu frá veggjum á mænisás og þétt reft var á raftana. Hlaðan var einása en fjárhúsin tvíása. Stoðir undir hlöðuás stóðu á niðurgrofnum stoðarsteinum. Á mynd t.h. er horft inn eftir einni kró fjárhúsanna. Garði er úr timbri. Ekki sást hvort hleðslur voru undir honum en stoðir undir ásum og þvertrjám stóðu á steinum við garðann. Garðastokkarnir, úr borðviði, voru negldir á stoðirnar. Þverbitar lágu milli veggja

og ofan á þeim. Nokkrar stoðir stóðu undir þverbitunum. Grind fjárhúsanna var öll í bútum, margbætt og löguð. Hér virtist húsgrindin upphaflega hafa verið með sömu einkennum og í eldhúsinu á Syðra-Skörðugili⁸⁰ að því leyti að þverbitar lágu á veggjunum en þessi hús voru miklu breiðari og með tveimur mænisásum. Einn dvergur stóð enn á þvertré undir ás. Þeir hafa sennilega dottið eða verið fjarlægðir og stoðum fjölgað eftir því sem þurfti og þær þá látnar standa á gólfi undir mænisásum en ekki á dvergum á þverbitunum. Tré voru víða bætt/Ljósm.SS-1992.

⁷⁸ Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Bls. 272-3.

⁷⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 147.

⁸⁰ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 136.

Skatastaðir í Austurdal – fjárhús

Búið var í torfbænum á Skatastöðum til 1947 en þá var eldra steinsteypta húsið byggt.⁸¹ Bæjarhúsin stóðu að hluta árið 1990 og höfðu þau verið notuð sem skemma og fjárhús síðustu árin.⁸² Skatastaðabærinn var meira hlaðinn úr grjóti og minna úr torfi, sem sennilega hefur skapast af því að bændur áttu ekki greiðan aðgang að góðu torfi. Þeir Skafti Jónsson og Jón Guðbrandsson kvittuðu upp á þá umsögn jarðamatsmanna árið 1713 að aðeins væri hægt að ná grundarþökur á Skatastöðum eins og á Þorljótsstöðum.⁸³ Grundar- eða vallendistorf, sem var rist af rótargóðum böllum, myndi vera kallað þökur í dag en það var ágætt til hleðslu með grjóti og á þök.



Mynd 126. Fjárhús stóðu um 30m vestan við íbúðarhúsið frá 1947. Nær á mynd er skemma. Þessi húsin voru byggð upp af grunni gamla torfbæjarins. Fjærst er steinsteypt fjárhús. Veggir húsanna, voru hlaðnir úr skriðugrjóti í streng. Torfið var svo veðrað á ytri hlið veggjanna að það sást aðeins í það á stöku stað/Ljósm.SS-1990.



Mynd 127. Austurveggur sömu fjárhúsa. Eins og vel má sjá var strengurinn, sem grjótið var lagt í, nær alveg burtu veðrað á útveggjum húsanna. Veggirnir voru vel hlaðnir úr náttúrlegu ótilhöggnu skriðugrjóti og bundnir með streng/Ljósm.SS-1990.



Mynd 128.

Efsti hluti veggjanna var eingöngu úr streng. Sennilega voru það uppgildingar frá því að húsunum var breytt úr íveruhúsum í búpeningshús. Norðurkampur (endi) vesturveggjarins t.h. sýnir veggjaþykktina, sem var um 1,2 m neðst og um 70sm efst. Veggirnir voru tvíhlaðnir og uppfyllingin var mjög tyrfin. Menn höfðu bundið vel með torfi þversum yfir vegginn/Ljósm.SS-1990.



Mynd 129.

⁸¹ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 535-6.

⁸² Kristján Kristjánsson, f. 1947. Uppalinn á Skatastöðum.

⁸³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 128,165,197.



Mynd 130. Austurveggur fjárhúsanna séður innan frá. Húsið var tvær krær með um 40sm háum grjóthlöðnum garða í miðju. Garðaböndin voru úr grönnum borðum og voru negld á þrjár stoðir sín hvoru megin, sem lágu frá efri garðabrúnum upp í mænisás. Sylla (lausholt) lá á stoðum, sem stóðu á stoðarsteinum, út við vegg. Raftar voru lagðir frá syllu á mænisás. Áreftið var þétt á lagt en grindarviðir og aðrir þakviðir voru fremur gisnir. Létt viðað hús/Ljósm.SS-1990.



Mynd 131. Á túninu norður af íbúðarhúsum voru önnur fjárhús og hlaða, meira og minna úr grjóti eins og fyrrnefnd hús. Þetta voru tvíása hús en hlaðan, sem lá eins og hali aftan af húsunum í sömu átt og með aðeins mjórri en þau, var einásahús. Vinstra megin við hlaðuna er heimagrafreitur frá 1959/Ljósm.SS-1990.

Gilsbakki á Kjálka – kofi, fjós, hlóðaeldhús

Árið 1992 þegar vettvangskonnnun fór fram stóð hlóðareldhúsið að hluta til, kofi þar norðan við og sunnan við var fjósið, innfallið en veggir stóðu enn. Þetta voru leifar gamla torfbæjarins, sem var notaður sem hesthús og geymsla eftir að flutt var úr honum árið 1957.⁸⁴ Á hleðslunum mátti sjá að Gilsbakkabændur notuðu meira grjót en torf í ytri hlið húsveggja, eins og bændur á Skatastöðum og fleiri dalabændur. Jarðamatsmenn á 18. öld sögðu að torfrista og -stunga væri „viðsæmandi“ á Keldulandi en Gilsbakki var þá hjáleiga þaðan.⁸⁵ Þau ummæli hafa sennilega ekki átt við á Gilsbakka.



Mynd 132.



Mynd 133.

Milliveggur kofa og hlóðaeldhúss, eldhúsgafl (mynd 132) og fjósveggur (mynd 133) báru sömu hleðslueinkenni. Ytri kápa (hlið) veggjanna var að mestu hlaðin úr skriðugrjóti upp í 1,5-2m hæð. Efri hluti veggjanna var hlaðinn úr klömbruhnaus í streng, nema innri hlið hlóðaeldhússins sem var kofamegin, var alveg úr streng. Hlaðið var úr streng ofan við grjóthleðslur. Klambra var í uppgildingum þar ofan á, án strengbindingar á milli laga. Efsti hluti fjósgaflsveggs var snidduhlaðinn. Grindarviðir voru ekki auðlæsilegir en virtust vera allt í bland flettur rekaviður og sagaður, endurunninn húsviður/Ljósm.SS-1992.

⁸⁴ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 495-6.

⁸⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 159-60.

Tyrfingsstaðir á Kjálka – bær, fjárhús, hesthús, hlaða

Tyrfingsstaðabærinn er talinn hafa verið byggður upp að mestu á árunum 1870-1895 en framhúsið var byggt 1904 og baðstofan og ýmsir hluta bæjarins endurbyggðir árið 1961.⁸⁶ Þeir sögðu torfstungu og torfristu sæmilega á Tyrfingsstöðum jarðamatsmenn árið 1713⁸⁷, sem sagt nógu góða. Torfhúsin á Tyrfingsstöðum bera merki þess. Í fyrstu vettvangsferðinni árið 1994 stóðu mörg húsanna vel og auðvelt var að greina hleðslu- og grindargerðir í flestum þeirra.



Mynd 134.



Mynd 135.

Mynd 134 var tekin um 1980. Hún sýnir framhúsið frá 1904 og búr norðan við það, sem síðast var notað til að hýsa lömb og kálfa. Þar fast við sér í fjósgaflinn. Ofan við, með dyrum á, er heyhlaða sem var rifin um 1995. Lengst til vinstri sér á horn „kofans á hlaðinu“ sem svo kallast. Á mynd 135 sem tekin var 1999, sjást húsin sunnan við framhúsið. Á milli framhúss og næsta timburþils, sem er á hesthúsi, var hesthúskofi og rétt. Syðsta húsið var hænsnakofi. Þar var áður smiðja og heitir Smiðjuhöll þar sem hænsnakofinn stóð. Hesthúsið, sunnan við réttina, var byggt um 1960 í autt bil á milli smiðu og réttar. Veggir flestra húsa á Tyrfingsstöðum voru meira en minna hlaðin úr torfi/Ljósm.:EH-1980, KG-1999.



Mynd 136. Bogahlaðnar tóftardyr á húsunum „suður og niður“ stóðu til 1995. Allir veggir hússins voru hlaðnir úr klömbruhnaus í streng. Tvö til þrjú neðstu lögin voru hlaðin úr grjóti í streng.

Mynd 137. Horft er inn eftir garðanum á norðurvegg fjárhúsanna „suður og niður“. Þau voru síðast notuð sem hesthús. Þessi hús voru tvíása og stóðir undir mæniasásam virtust standa á stoðarsteinum á grjóthlöðnum garðanum. Baðkar var steipt í garðann einhvern tíma um miðja 20. öld, við garðendann (garðahöfuðið). Þá hefur verið steipt í garðann þannig að hleðslan undir var ekki vel sýnileg/Ljósm.SS-1994.



Mynd 138.



Mynd 139.



Mynd 140.

Fjárhúsins „út og niður“ (mynd 140) voru með hlöðu (mynd 138). Þetta voru samstæð tvíása garðahús. Á báðum voru veggir hlaðnir úr grjóti í torf í neðri hluta en klömbruhnausahleðsla var í efri hluta nyrðri húsanna en í þeim syðri var strengjahleðsla. Húsin voru með timburþili. Hlaðan var einása. Þar voru stóðir undir mæniasás og raftar lagðir á hellublöð á veggjum og á ásin, eins var í fjárhúsunum. Mest öll hlöðuhleðsla var án strengbindingar og hnausar lagðir í sömu átt. Neðri hluti innri hliðar hlöðunnar var strenghlaðinn þannig að greinilegt var að klömbruhleðslan var uppgilding/Ljósm.SS-1994.

⁸⁶ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 478.

⁸⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 158.



Mynd 141.



Mynd 142.

Klömbruhleðsla í hesthúsveggjum (mynd 141) sunnan við bæ á Tyrfingsstöðum var með sömu einkennum og veggir margra annarra búpeningahúsa þar. Fremur stórgerðir klömbruhnausar hlaðnir í streng. Húsið var byggt um 1960 og hleðslur voru frá þeim tíma. Stallur, úr tré, var við norðurvegginn og tréborð voru lögð ofan á moldargólfið sem undirdekk í „básam“ hússins í stað básatorfs (mynd 142)/Ljósm.SS-1994.



Mynd 143.



Mynd 144.

Hólhús voru tveggja króa, tvíása garðahús, fjárhús sem stóðu niður undan bænum. Veggirnir voru klömbruhlaðnir í streng nema yfir tóftardyrum (mynd 144) þar sem enginn strengur sást á milli hnauslaga og þar mátti sjá klömbrur lagðar til sömu áttar ofan á dyrunum. Húsin voru vel viðað miðað við stærð, með sverum stoðum undir ásum og víða mátti sjá langa ryðgaða járngaúra standa út í loftið á grindartrjánnum. Við eftirgrennslan kom í ljós að þessi sveru tré voru eyfirskir bryggjuviðir, keyptir á uppboði á fyrri hluta 20. aldar/Ljósm.SS-1994.



Mynd 145. Á myndinni er horn við dyr inn í lambakró (búr) á milli eldhúss og ganga sem liggja til fjóssins. Í bænum mátti líta margskonar upp-gildingar, viðgerðir og ýmis afbrigði torfstungu.

Ríkjandi hleðslugerð var klömbruhnaus með streng á milli. Neðstu lög hleðslunnar voru úr grjóti í streng og svo úr torfi upp úr. Húsviðir voru af ýmsu tagi eins og sést á myndinni, borðviður, rifinn rekaviður og ýmis önnur afbrigði, nýleg og magnotuð/Ljósm.SS-1994.

Mynd 146. Horft fram göngin frá baðstofudyrum að bæjardyrum/Ljósm.SS-1994.

Flatatunga á Kjálka – fjárhús

Austur af bæjarhúsum í Flatatungu stóðu svokölluð Stórhús, torfhlaðin fjárhús sem að stofni til geta verið frá tíð Gísla Stefánssonar, sem bjó í Tungu á árunum 1828-1872.⁸⁸ Hann fékk Svein Magnússon til að hlaða upp búpeningshús og hlöðu við þau í kring um 1840. Heimamenn telja að húsin hafi staðið með stöku uppgildingum síðan þá. Hlaðan snýr í norður-suður en fjárhúsin eru vestan við hana. Veggir eru milli 0,4m til 2,5m háir og mest um 2m á breidd. Stórhús voru fyrir 50 kindur og voru í notkun fram yfir 1960 en síðast voru hross hýst þar.⁸⁹ Í húsum þessum er mikið torf og ekki hægt að sjá að skortur hafi verið á torfristu og -stungu í Flatatungulandi enda segja jarðamatsmenn 18. aldar að hún sé sæmileg, þ.e. nægileg þótt þeir taki fram að Tungubændur hafi þurft að kaupa út reiðing.⁹⁰



Mynd 147. Stórhús eru vel upp hlaðin úr klömbruhnaus og streng/Ljósm.BZ-2010.



Mynd 148. Hlöðuveggir eru enn háir og stæðilegir. Undirstöður veggja eru grjóthlaðnar, með grjóti í streng. Mest ber á stórstungnum klömbruhnausum í hleðslunni/Ljósm.BZ-2010.



Mynd 149 a og b. Bogahlaðnar tóftardyr milli hlöðu og húsa eru glæsilegt afbrigði torfhleðslu. Þessar dyr eru frábrugðnar þeim bogadyrum sem áður hafa komið fram að því leyti að annaðhvort hefur hleðslumaður ætlað að sýna leikni sína eða að búið er að marggilda upp dyrnar. Á annan veginn eru strengir og hornhnausar og ofan við þá, þeim megin, tekur klömbruhleðsla við. Á móti er klambra hlaðin í streng, og hlaðin fyrir horn. Stuðlahleðsla er yfir dyrum. Þetta er tvöfaldur um 2m þykkur veggur. Eins og sjá má á innri hlið veggja er víða búið að gilda þá upp. Við tóftardyrnar eru, að því er virðist, tvær uppgildingar. Klömbruhnausar liggja ýmist í sömu átt eða þeir víxlleggjast að hefðbundnum hætti og efsti hluti langveggjarins hefur verið lagaður/Ljósm.SS-2002, BZ-2010

⁸⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 467.

⁸⁹ Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2011. Bls. 14.

⁹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 156.

Bessakotsrétt í Norðurárdal – skilarétt

Árið 1870 var skilarétt Akrahreppinga var komið fyrir „á gróinni grund við allmikla skriðu“⁹¹ í Silfrastaðafjalli. Sjö ár liðu frá því farið var að hlaða hana og þar til fyrst var réttað í henni. Almenn-ingurinn var aflangur og var dylkaröð sín hvoru megin við hann. Árið 1910 var áin farin að brjóta svo af bakkanum við grundina að hluti af dilkunum var horfinn. Réttin var þá flutt út á Hvíteyrar við Bóluá. Beitarhús frá Silfrastöðum voru á Bessakoti hlaðin úr torfi og grjóti.⁹²



Mynd 150.



Mynd 151.

Réttin var öll hlaðin úr skriðugrjóti (þurru grjóti). Nú eru aðeins eftir af henni dylkar sem voru fjallmegin meðfram almenningnum (mynd 150). Norðurá byrjaði að naga af dilkunum sín megin um 1910 og nú er hún búin að hreinsa alla vesturdilkana burtu ásamt almenningnum/Ljósm.SS-2010, Loftmyndir ehf.⁹³

Sólheimar í Blönduhlíð – baðstofa, hlaða

Hluti af gamla bænum í Sólheimum stóð fram um aldamótin 2000 og hlaða frá fjárhúsum á Litlu-Sólheimatúni stóð enn.⁹⁴ Flutt var í steinsteypt hús árið 1949⁹⁵ en bærinn var notaður til að hýsa ýmis-lengt á meðan hann stóð. Jarðamatsmenn 18. aldar sögðu góða torfstungu og -ristu í Sólheimum⁹⁶ og öll uppistandandi hús þar árið 1988 báru merki þess. Fremur lítið var um grjót í hleðslum þar.



Mynd 152.



Mynd 153.

Mynd 152 sýnir austurenda baðstofunnar, lengst til hægri. Til vinstri með strompi á er framhúsið. Geymsla (búr) var í milli og búið var að lengja hana til suðurs. Á Mynd 153 er norðausturgafi baðstofunnar/Ljósm.SS-1988.



Mynd 154.



Mynd 155.

Heyhlaða á Litlu-Sólheimatúni var hlaðinn úr klömbruhnaus í streng. Húsgrindin var einföld, einása, raftar lágu af lausholtum á ás. Stórir stóðarsteinar stóðu hálfir upp úr miðju gólfinu og undir veggjastoðum/Ljósm.SS-1988.

⁹¹ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 22.

⁹² Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 414.

⁹³ Loftmyndir ehf., á <http://map.is/base/>. Skoðaða 25.11.2018.

⁹⁴ Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2011. Bls. 57-8.

⁹⁵ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 354.

⁹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 170.

Hrólfsstaðir í Blönduhlíð – hlóðaeldhús, skemma, fjós

Á 18. öld og alla tíð hefur torftaka verið næg í Miklabæjarlandi en Hrólfsstaðir voru hjáleiga þaðan á þeim tíma.⁹⁷ Ekki þurfti að fara langt eftir ágætu byggingartorfi í Hrólfsstaðalandi. Gamli torfbærinn á Hrólfsstöðum stóð að hluta til fram á fyrsta áratug 21. aldar. Bárújárnsklætt timburhús sem var byggt upp við gamla bæinn árið 1925 var með torfeinangrun.⁹⁸ Næst því var skemma, þá fjós og hlóðaeldhús sem stóð yst í röðinni. Skömmu eftir miðja 20. öld var síðast gert við torfveggi húsanna þar.



Mynd 156. Árið 2006 var enn vel hægt að sjá hleðslur í leifum gamla torfbæjarins. Lengst t.v. var hlóðaeldhúsið, þá fjós og skemmuskot næst hússinu. Reynt var að verja torfhleðslur í skemmuveggnum upp við húsið, fyrir hrúni, með timburpili/Ljósm.SS-2006.



Mynd 157. Austurhlið Hrólfsstaðabæjar. Lengst t.h. er hlóðaeldhúsið með grjóthleðslu í streng upp undir miðja vegg í innri hliðinni og strenghlaðið þar ofan við. Samskonar hleðslur voru í gaflhlöðum að utan en ytri hlið langvegs, sem snéri í norður var að mestu hlaðin úr klömbruhnaus í streng. Fjósið var með samskonar hleðslum. Um meters þykkur skjólveggur var austan við húsið (lengst t.v.), sem var allur hlaðinn úr klömbruhnaus í streng. Grjót í streng var aðeins í tveimur neðstu hleðslulögum. Miðað við það sem eftir sást af grindarviðum voru bæði eldhúsið og fjósið eináa og voru stoðir við vegg. Á báðum húsunum virtust hafa verið sperrupök/Ljósm.SS-2006.

⁹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 175.

⁹⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 300-1.

Stóru-Akrar (Hringur) í Blönduhlíð – reykkofti

Svokallaður Hringaskofi stendur í gamla túninu á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Kofinn, sem enn er notaður sem reykkofti til að reykja í kjöt og silung var byggður upp á leifum torfhúss á eyðibýlinu Hring. Býlið var hjáleiga frá Ökrum og talið hafa verið byggt upp um 1830.⁹⁹ Kofinn er smár, aðeins lítill partur af fjárhúsi sem þar var síðast. Gólfmálið er rétt ríflega 2,5m á hvern veg, en þar er hátt til lofts. Torftaka í Akralandi var nóg og reiðingsrista góð sögðu jarðamatsmenn 18. aldar.¹⁰⁰



Mynd 158. Neðst í vegg er grjót í streng og klömbruhleðsla þar ofan á sem blasa við í hleðslum kofans og hafa örugglega verið margnotuð, í öðrum húsveggjum, áður en þau lentu þarna. Eldstó er á miðju gólfinu/Ljósm.SS-2009.

Minni-Akrar í Blönduhlíð – fjós, baðstofa (skemma)

Á Minni-Ökrum í Blönduhlíð stóð hluti af baðstofunni til ársins 2005 og hluti af fjósi sem þar var stendur enn, en það var notað til 1989.¹⁰¹ Jarðamatsmenn 18. aldar gáfu ekki mikið fyrir torfristumögu-leika á Minni-Ökrum, sögðu hana laka en torfstungu bjarglega.¹⁰² Sé horft til torfhleðsluleifanna sem enn sáust var ekkert sem benti til hörguls á torfi. Torfhús voru góð á Minni-Ökrum og notuð lengi.



Mynd 159. Baðstofan á Minni-Ökrum var notuð fram á tíunda áratug 20. aldar sem geymsla. Um nokkurt skeið var hún notuð sem fjárhús. Á gaflinum hengu pækluð læri og bógar sem biðu þess að fara í reyk. Fjóra Stefánsdóttir, húsmóðir á Minni-Ökrum, var snillingur við hangikjötsverkun. Hún pæklaði allt kjöt og lét það síga úti á þili áður en það fór í reykinn/Ljósm.SS-1987.



Mynd 160. Neðri myndin er af austurafli baðstofunnar. Hann var hlaðinn úr stórum klömbruhnausum en í suðurveggnum var grjóthleðsla í streng. Húsið til hægri var fjósið, sem var notað fram um 1990. Það var að mestu hlaðið upp með klömbruhnaus í streng. Í norðurvegg þess var grjót í streng ríkjandi hleðslugerð. Veggir þess voru um 2m þykkir. Valdimar Stefánsson, bróðir Fjólu, sá lengi vel um torfviðgerðir á Minni-Ökrum/Ljósm.SS-1987.

⁹⁹ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 246.

¹⁰⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 179.

¹⁰¹ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 265-6.

¹⁰² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 182, 197.

Syðsta-Grund í Blönduhlíð – framhús, búr, hesthús, fjárhús

Torfhús stóðu þar fram undir aldamótin 2000 og eitt stendur enn. Yngsti hluti torfbæjarins var framhús sem var byggt árið 1939 en önnur bæjarhús voru að mestu gerð upp um 1930. Búið var í bænum til 1963.¹⁰³ Síðustu torfhús á Syðstu-Grund voru þónokkuð torfrík en jörðin er það ekki. Jarðamatsmenn árið 1713 sögu að Syðstu-Grundarbændur fengju torf í Flugumýrarlandi því þeir gætu aðeins náð upp grundarhnausum í eigin landi.¹⁰⁴ Grundarhnaus (grundartorf) var stunginn á vel grónu valllendi.



Mynd 161. Séð heim að Syðstu-Grund haustið 1988. T.v. eru búpeningshús (hesthús og fjárhús), t.h. eru bæjarhúsin en þau voru sléttuð við jörðu ári seinna/Ljósm.SS-1988.



Mynd 162. Framhúsið er næst á myndinni, þá er baðstofa með geymslu í endanum fjær og aftast, til vinstri, er hesthús-gafl. Hægra megin við framhúsið er stofa. Gaflar hússins voru ýmist eingöngu hlaðnir úr streng eða úr klömbruhnaus í streng. Í veggjum íbúðarhúsanna var aðeins grjót í undirstöðum/Ljósm. Einkaeign-1975.



Mynd 163. Sunnan við framhúsið var blikklædd stofa. Hægra megin var hana var búr og við hliðina á því lengst t.h. var hesthús. Veggirnir, bæði milliveggir og austurveggur hesthússins, voru hlaðnir úr klömbruhnaus í streng og tvö neðstu lögin voru úr grjóti í streng, eins og að norðanverðu/Ljósm.SS-1988.



Mynd 164. Horn gaflhlaðsins við norðanverðan stafn framhússins voru hlaðin úr efnismiklum hornhnausum. Að öðru leyti var þessi gafl úr klömbruhnaus. Strengur var allsstaðar á milli hnausa/ SS-1988.

¹⁰³ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 188, 191, 193.

¹⁰⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 184.



Mynd 165.



Mynd 166.

Fremur gisin liggjandi súð lá á þaksperrum á búrinu (mynd 165), sem var með einfaldri bindingsverksgrind. Húsið var þverbitalaust. Stoðir stóðu á stoðarsteinum meðfram veggjum, undir lausholtum. Í hesthúsinu (mynd 166) var stallur við austurvegginn. Smíðaður úr borðum eins og stökkur og negldur á stoðirnar sem héldu lausholtum uppi. Stoðirnar stóðu á stoðarsteinum meðfram veggjum. Ofan á lausholtum lágu raftar (sperrur) sem negldir voru saman í toppinn. Langbönd lágu þétt og á þeim(súð). Langveggir voru hlaðnir úr streng en norður-gaflinn var hlaðinn úr leirríkum klömbruhnausum, með þunnristu vallendisstorfi á milli/ Ljósm.SS-1988.

Utar á túninu, um 60m norðan við bæjarhúsin, voru samstæð fjós og fjárhús. Bæði fjós og fjárhús voru einása hús. Fjósinu var breytt í hesthús skömmu eftir 1966. Það var 4,40 x 9,50m að innanmáli. Innanmál fjárhússins var 2,70 x 9,50 m. Garðinn þar var um 40sm hár og 90sm breiður, grjóthlaðinn með smáum steinum, með streng á milli. Garðaböndin voru nokkuð breið.



Mynd 167.



Mynd 168.

Fjósið (síðast hesthús) og fjárhús. Horft er til austurs að húsunum með áratugs millibili, árið 1999 (mynd 167) og 1988 (mynd 168). Allar hleðslur á ytri hlið veggjanna voru úr lagi gengnar og grasi vafðar þannig að ekki var unnt að sjá hleðslurnar utan frá/Ljósm.SS-1999, 1988.



Mynd 169.



Mynd 170.

T.v. er horft til húsanna úr austri til vesturs og t.h. er horft til þeirra úr suðri. Búið var að raða síldartunnum allt í kring um húsinn til að verja veggina, en tunnurnar ollu því að gras settist í þá og þeir gróu upp og fúnuðu. Húsapunktur var enn ráðandi jurt á þökunum en á veggjunum voru ýmsar tegundir túngrasa sem þurfa raka til að lifa. Af þeim mátti ráða að raki og rotnun var í veggjatorfinu/Ljósm.SS-1999.

Auðvelt var að skoða innanverðar hleðslur í húsunum. Neðst í veggjum fjárhúsanna voru fjögur grjóthlaðin lög með streng á milli. Ofan á var hlaðið með klömbruhnaus í streng, í um 1,60m hæð. Veggirnir höfðu verið gildaðir upp með sniddu hér og hvar, einkum efstu lögin. Innri hlið fjósveggja var hlaðið úr grjóti í streng upp í 70-90sm hæð og upp úr með klömbru- eða kvíahnaus í streng.



Mynd 171. Í fjósinu (hesthúsinu), sem var einása hús, voru stoðir undir mænisás og undir lausholtum (syllum). Tréborð voru negld á milli þeirra, frá útstoðum á innstoðir, til að afmarka básana. Stallurinn var tréstokkur úr timbri og náði allan langvegginn. Undir honum vottaði fyrir grjótröð sem gæti hafa verið frambrún jötu á fjóstíma hússins /Ljósm.SS-1999.



Mynd 172a.



Mynd 172b.

Fjárhúsið var talsvert breiðara hús en fjósið. Stoðir undir mænisásnum stóðu á garðanaum. Við annan langvegginn (mynd 172a) voru stoðir undir lausholti (syllu) og raftar lagðir þaðan á ásin en á móti, á hinum langveggnum (mynd 172a og b), lágu raftarnir beint af veggnum á ásin. Áreftið var gisið. Innri hlið fjárhúsveggja var hlaðin úr grjóti í streng og ofan við grjóthleðsluna voru ýmist gamlar klömbruhleðslur eða uppgildingar úr roftorfssniddu/Ljósm.SS-1988.

Mið-Grund í Blönduhlíð – bæjardyr, göng, baðstofa, fjárhús

Gamli torfbærinn á Mið-Grund stóð sunnan undir Gægi, dálitlum hóll austan við núverandi steinsteypt íbúðarhús. Búið var í bænum til 1968.¹⁰⁵ Ábúendur nýttu húsaviði úr torfbænum, þá sem tækir voru, til annarra nota, í stoðir, ása, þil, árefti og millispil í búpeningshúsin. Torfveggirnir hnigu til jarðar og á endanum stóðu aðeins bæjardyrnar, inngangurinn í bygginguna, sem notaðar voru sem geymsla til um 1980. Mikið torf var í öllum veggjum og í samræmi við orð jarðamatsmanna á 18. öld, sem sögðu að torfrista og torfstunga á Mið-Grund væri bjargleg.¹⁰⁶



Mynd 173.



Mynd 174.

Úti fyrir bæjadyrum var hverfisteinn, fótstigið „brýni“ til að skerpa ljá og hnifa á. Húsveggir voru hlaðnir úr streng. Hornhnausar, lagðir í streng, mynduðu öll horn. Tvö til þrjú grjótlög voru neðst í veggjum, með streng á milli laga. Á húsinu var sperruþak. Tunnustafir voru víða notaðir sem árefti (mynd 174). Slagpilið var úr borðum „1 á 2“. Þarna var húsapunktur mest áberandi en einnig ýmis túngrös, vallhumall og baldursbrá/Ljósm.SS-1991.

¹⁰⁵ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 177.

¹⁰⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 184.



Mynd 176.




Mynd 177.

Hér er horft yfir bæjarstæðið af Gægi úr norðri með þriggja ára millibili, árið 1988 t.v. og 1991 t.h. Bæjardyrnar voru lengst t.h., baðstofan lengst t.v. Bárujármsbraggi var aftan við bæinn. Fjær (sunnar) voru fallin fjárhús/Ljósm.SS-1991.



Mynd 178.



Mynd 179.



Mynd 180.

Bæjargöngin voru sveigð. Neðri lög veggjahleðslunnar voru hlaðin úr stórum leirríkum klömbruhnausum en einhvern tíma hafa veggirnir verið teknir niður og gildaðir upp með streng. Tvö spor eftir bita sjást við hvítu línuna á myndinni. Á mynd 179 sést hvernig bitunum var komið fyrir í göngunum. Þeir lágu á veggjunum þversum yfir göngin og ás þar ofan á (mynd f.m.). Mynd 180 er af strenghlöðnum baðstofufagfli/Ljósm.SS-1988.



Mynd 181. Veggir fjárhúsanna voru hlaðnir með grjóti í streng fyrstu fjórar til sex raðirnar og ofan á og uppúr var ýmist klömbruhleðsla í streng eða eingöngu strengur. Reft var yfir tóftardyrnar en þær voru hlaðnar með klömbru fyrir horn. Hlaðið var með klömbru fyrir öll horn á þessum húsum en það sem sjá mátti á hleðslum neðri húsanna (vestari) voru stuðlahlaðin horn, með hornhnausum í streng. Bæði fjárhúsin voru garðahús. Þau voru tveggja króa með garða fyrir miðju og tóku um 80 ær/Ljósm.SS-1999.



Mynd 182. Hér sést að hlöðuveggir hafa verið marg uppgildaðir. Langveggsendinn (t.v. á neðri myndinni) er hlaðinn úr streng. Efst sér í uppfyllinguna. Að utan var þessi sami veggur hlaðinn úr klömbru í streng. Gaflinn, þar sem tóftardyrnar eru, hefur einnig verið bættur. Dyrnar eru hlaðnar fyrir horn með klömbruhnaus í streng. Raftar eru lagðir yfir dyrnar og tyrft á þá /Ljósm.SS-1999.

Bjarnastaðir í Blönduhlíð – hlaða, fjárhús, stekkur

Torfstunga og -rista var sögð góð á Bjarnastöðum á fyrri hluta 18. aldar.¹⁰⁷ Bærinn þar brann árið 1950.¹⁰⁸ Einkenni yngstu torfhúsa á Bjarnastöðum, bæði bæjar og búpeningshúsa, var að í húsveggjum var mikið notað af grjóti. Á áttunda áratug síðustu aldar lauk hlutverki fjárhúsanna. Þau voru úr grjóti og torfi og stóðu árið 1999 þegar vettvangskönnun fór fram. Þau höfðu síðast verið endurreist árið 1975. Þá var gildað upp í veggj að hluta til en grindin klædd með bárujárni og sett þil framan á þau.



Mynd 183. Árið 1999 stóðu þessi búpeningshús, annars vegar hesthús, hins vegar fjárhús. Á bakvið var fallin torf- og grjóthlaðin hlaða. Við hlið húsanna sem stóðu, voru fallin tvístæð fjárhús, garðahús eins og þau sem fengu viðgerð 1975. Tvær krær í hvoru húsi, hver kró um 1,3-1,5m breið og um 10m löng. Garðar voru um 80sm breiðir, grjóthlaðnir í streng eins og neðri hluti veggja og torf upp úr í flestum þeirra. Stórir steinar voru áberandi í hleðslunum/Ljósm.ABB-1999.



Mynd 184.



Mynd 185.

Mynd 184 sýnir tóftardyr á milli fjárhúsa og hlöðu. Á mynd 185 er horft til norðurs eftir hlöðunni sem var 17x2,7m að innanmáli /Ljósm.ABB-1999.



Mynd 188.



Mynd 189.

Í horni hlöðunnar var skorið úr hleðslum fyrir hornstoð (mynd 188). Efnismiklir hnausar einkenndu hleðsluna. Neðstu lög voru úr grjóti í streng. Hesthúsgarðinn (mynd 189) var hátt hlaðinn úr þurru grjóti/Ljósm.ABB-1999.

¹⁰⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 187.

¹⁰⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 139.



Mynd 190. Efri.

Mynd 191. Til hægri.



Utarlega í Stekkjarklökk á Bjarnastöðum var stekkur, að hluta til hlaðinn úr stórgrýti. Stekkurinn var um 10m langur. Lambakróin var „stök, lítil, hringlaga tóft, örfáum metrum neðar“.¹⁰⁹ Staðsetning hennar segir til um að það hafa ekki allir bændur byggt kró fyrir lömbin fast upp við stekkin en það var algengara/Ljósm.ABB-1999.

Hjaltastaðir í Blönduhlíð – fjárhús, hlaða

Þórólfur Pétursson, á Hjaltastöðum, sagði að Pétur Sigurðsson faðir hans hefði verið góður hleðslumaður og hlaðið víða á bæjum. Þórólfur nefndi einnig að góður reiðingur væri vel tækur á Bolagrund, sem nú er fyrir löngu komið í eyði. Þar var tekinn reiðingur til einangrunar í Héðinsminni, félagsheimili og barnaskóla Akrahrepps. Þórólfur risti hann sjálfur. Bolagrundarreiðingurinn var rótarmikill, sand og leirlaus og hægt að vinda hann. „Hann þandist um leið út aftur“.¹¹⁰ Jarðamatsmenn 18. aldar vorkenndu Hjaltastaðamönnum það að langt var að sækja reiðinginn en voru sammála Þórólfi um að bæði á Hjaltastöðum og á Bolagrund væri næg torfrista, torfstunga og reiðingsrista.¹¹¹

Flutt var inn í steinsteypta íbúðarhúsið (mynd t.h.) árið 1912. Norðan við húsið, nær á mynd, er torfhlaðinn hlöðuveggur, hlaðinn úr klömbru í streng en neðri hlutinn úr grjóti í streng/Ljósm.SS-1989.



Mynd 192.



Mynd 193.

Norðan við hlöðuna (mynd 193), voru fjós og hesthús (mynd 192). Nyrst, lengst til vinstri, var fjós, syðst var hesthús. Framhliðin var úr timbri en aðrir hlutar úr torfi, grjóti og bárujárni. Pétur á Hjaltastöðum endurhlóð ýmsa hluta húsanna á búskaparárum sínum og var stöðugt að bæta í göt og uppgilda vegg/Ljósm.ABB-1999.



Mynd 194.



Mynd 195.

Í Hjaltastaðahúsum voru ýmsar tegundir hnausa. Í nyrsta gaflhlaði fjárhúsanna (mynd 194) voru stórir hornhnausar. Innanverðu á sama vegg var þeim hrúgað upp. Í neðstu lögum var hnaus og grjót á víxl/Ljósm.SS-1989.

¹⁰⁹ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 141.

¹¹⁰ Þórólfur Pétursson, f. 1942. Uppalinn og búandi á Hjaltastöðum.

¹¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 188, 191.

Þverá í Blönduhlíð – fjárhús

Aldamótaárið 2000 stóðu gömul fjárhús úti á túni á Þverá. Þau voru að hluta til úr torfi og grjóti. Stærð, skipulag og undirstöður veggja byggðust á gömlum merg. Á áttunda áratug 20. aldar var torf fjarlægð af þaki og sett timbur og járn í staðinn¹¹² en milliveggir héldu sér. Settir voru timburgaflar á húsinn og þökin klædd bárujárn, tvö voru tyrfd að hluta til. Þverárbændur voru í basli með torftöku á 18. öld. Jarðamatsmenn sögðu torfristu og -stungu þar sendna og lélega „og fær ábúandi torfristu til annarsstaðar þessari löku til styrktar“.¹¹³



Mynd 196. Veggir fjárhúsanna voru hlaðnir með grjóti í streng í um meters hæð. Þar ofan á og upp úr var hlaðið með klömbruhnaus í streng/Ljósm.ABB-2000.



Mynd 197. Fjárhúsin voru fjögur, tvístæð, tví- og þríásá, ýmist garðaeða jötuhaus. Samtals átta krær. Við endurbætur á áttunda áratug 20. aldar voru þau hækkuð, ný grind var sett í þau og bárujárn klætt á þök. Timburpil var sett á alla gafla. Garðarnir voru að mestu leyti hlaðnir úr grjóti í streng, samskonar hleðslu og var í veggjum húsanna. Veggjagrjótið var fremur stórgert barið grjót. Í efstu lögum á innri hlið húsveggjanna var hlaðið veð klömbru í streng/Ljósm. ABB-2000.



Mynd 198. Stoðir undir ásum stóðu á görðunum. Þar sem þriðji ásin, mænisás, var hafður voru vaglar lagðir á milli neðri ásanna og mænisás þar ofan á. Stoðir voru meðfram veggjum undir lausholtum (syllum) og raftar lagðir af þeim og upp á ása. Árefti var þétt lagt á raftana og bárujárn neglt á þakið/Ljósm.ABB-2000.

¹¹² Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur, 2007. Bls. 92.

¹¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 192.

Syðri-Hofdalir í Hofstaðabyggð – hesthús / fjós

Jón Jónsson og Jón Oddason, sem kvittuðu upp á jarðamatsskýrslu um Viðvíkurhrepp árið 1714 gerðu enga athugasemd við að ekki væri minnst á torftökumöguleika Hofdalabænda.¹¹⁴ Miðað við landshætti má vænta þess að hún hafi verið góð. Hofdalabændur notuðu torf og grjót í búpeningshús sín langt fram eftir 20. öld. Til vitnis um það var gamla fjósið, sem notað var sem hesthús fram til 1994 og stóð fram undir aldamótin 2000.¹¹⁵



Mynd 199. Húsveggir voru hlaðnir úr grjóti í streng, bæði að innan og utan, nema efstu lögin sem voru strenghlaðin. Gott var að hafa grjót í fjósum og hesthúsveggjum til að verjast ágangi, hnoði og narti. Hross áttu til að naga torfið. Þetta var tvíása hús, þétt lagt röftum sem lágu frá lausholtum (syllum) sem útstoðir stóðu undir og upp á ása. Bil milli básanna markaðist af bilum á milli stoða undir innásam/Ljósm. SS-1989.

Kjarvalsstaðir í Hjaltadal – hlóðaeldhús, skemma

Þegar byggt var timburhús á Kjarvalsstöðum árið 1908 var hlóðaeldhúsið lagað til og hlaðið upp og notað í nærri heila öld en það brann árið 2001.¹¹⁶ Eldhúsið stóð árið 1999 þegar vettvangsathugun fór fram. Nokkrum metrum frá því stóð torfhlaðin skemma. Ekki var að sjá að torfið væri vandamál í húsunum. Þau stóðu vel. Jón Þorleifsson og Jón Þorvaldsson kvittuðu undir jarðamatsskýrslu fyrir Hólahrepp árið 1709 þar sem sagt er að torfrista og -stunga á Kjarvalsstöðum sér svo lök „að til þarf að fá ef duga skal“.¹¹⁷



Mynd 200. Fjær á myndinni er hlóðaeldhúsið, nær er skemman. Eldhúsveggirnir voru marg uppgildaðir. Helm-ingur annars langveggjar var hlaðinn með grjóti í streng upp í miðjan vegg og upp úr með klömbru í streng. Á mótí var hlaðið með klömbruhnaus í streng frá grjótundirlagi og upp úr. Hinn langveggurinn var allur klömbruhlaðinn, nema neðstu þrjú lögin. Skemmuhleðslur voru á kafi í gróðri/Ljósm.ABB-1999.

¹¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 200, 210.

¹¹⁵ Atli Már Traustason (f. 1973). Uppalinn á Syðri-Hofdölum og ábúandi þar.

¹¹⁶ Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, Hólahreppur, 2011. Bls. 80.

¹¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 213, 228.

Hof í Hjaltadal – fjárhús, vorrétt (rúningsrétt)

Gömul torfhlaðin fjárhús á Hofi, sem voru í notkun fram á tíunda tug 20. aldar, voru aðeins farin að snarast þegar vettvangskönnun fór fram árið 1999. Sumir innviðirnir voru úr lagi gengnir en vegg-hleðslur voru að mestu leyti í lagi. Torftaka á Hofi var ekki metin árið 1709 enda tilheyrði jörðin þá Hólum og þar í landi var sögð sæmileg torftaka.¹¹⁸



Mynd 201.



Mynd 202.

Húsið var tvíása garðahús og breiddin á milli ásanna var fullmikil. Garði var fyrir miðju húsi. Stoðir undir ásum stóðu á garðanum. Hálfstoðir undir lausholtum voru stubbar sem stóðu á grjóthleðslum í miðjum vegg. Þakið var byrjað að snarast þannig að stoðir lágu í þá áttina og eltu efri hluta veggjarins, sem var að gefa sig undan þrýstingnum. Veggirnir voru hlaðnir úr grjóti í streng upp í um 60sm hæð. Þar ofan á var strengjahleðsla úr roftorfi með stöku hnausum á öðrum vegg (Mynd 201) en klömbruhleðslu í streng á hinum (mynd 202). Þakraftar voru sverir og áreftið lagt fremur þétt þar ofan á og þó sást í nærtorfið. Sennilega hafa þakraftar legið á veggjunum áður. Hálfstoðir og lausholt gætu hafa verið sett í húsin eftir á sem björgunaraðgerð. Þakið hefur verið of þungt fyrir hleðslurnar/Ljósm.ABB-1999.

Um aldamótin 2000 voru ýmiskonar hleðsluleifar sjáanlegar á Hofsbæjunum (Hofi I og II), bæði torf- og grjóthlaðin veggjabrot og grjóthlaðin mannvirki. Þar á meðal var rétt staðsett fram við Hofsa. Hún skiptist í þrennt, almenning og tvo dilka.¹¹⁹ Réttin var notuð til innreksturs fyrir rúning og mörkun fram á áttunda áratug 20. aldar. Réttin var byggð upp úr skriðugrjóti sem týnt var þar í kring.



Mynd 203. Ofar.

Mynd 204. Til vinstri.

Í Stekkjarhvammi er þessi fremur smáa grjóthlaðna rétt, sem hefur verið hlaðin upp við stekk, sem þar var áður og var notaður til 1963. Hleðsluhæðin var frá 1 - 1,5m og veggirnir um 1m á þykkt. Litli dilkurinn var áður lambakróin/Ljósm.KG-1999 og Loftmyndir ehf.¹²⁰

¹¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 218-19, 228.

¹¹⁹ Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, Hólahreppur, 2011. Bls. 80.

¹²⁰ Á skagafjordur.is, sjá <https://www.map.is/skagafjordur/>.

Víðines í Hjaltadal - hlóðældhús

Búið var í gamla torfbænum í Víðinesi til 1968.¹²¹ Hlóðældhúsið var notað fram á tíunda áratug 20. aldar sem reykkofti. Þar inni var allt kolsvart, bæði veggir og þakrót, þegar vettvangskonunn var gerð þar árið 1990. Myndir sem voru teknar þar inni reyndust allar ónothæfar. Veggirnir voru að mestu hlaðnir upp með grjóti í streng. Jarðamatsmenn 18. aldar hefðu ekki furðað sig á því. Þeir sögðu torftöku laka í landi Víðiness.¹²² Efst í veggjum voru uppgildingar úr kvíahnausum. Þetta var einása hús. Það vakti athygli skoðanda (SS) að grindarviðir hússins voru óhemju sverir, bæði stoðir og mænisás. Þegar spurst var fyrir um hvaðan þeir væri fengnir sögðust heimamenn telja alveg víst að þeir væru ættaðir úr Auðunarstofu.¹²³



Mynd 205. Framhúsið á Víðinesi stóð framan við torfbæinn eins og á öðrum bæjum þar sem timburhús voru byggð við torfbæina á fyrri hluta 20. aldar/Ljósm.SS-1990.

Efri-Ás í Hjaltadal – skemma

Um aldamótin 2000 stóð hluti af gamla bænum í Efra-Ási. Heillegust var skemma með timburgafli.¹²⁴ Jarðamatsmenn á 18. öld töldu torftöku þar „lítt nýtandi“¹²⁵ sem stangast á við gæði torfsins í skemmuveggjunum og öðrum veggjaleifum þar.

Mynd 206. Skemma hlaðin úr klömbruhnaus og streng og með voldugum hornhnausum á öllum hornum. Torfið var leirríkt, vel rætið og grjóthart. Í undirstöðum veggja voru tvö grjótlög, lögð í streng. Klambran var fremur stórt stungin. Á þaki hússins var húsapunktur og einstaka njóli sem hafði skotið rótum þar /Ljósm.ABB 1999.



¹²¹ Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, Hólahreppur, 2011. Bls. 240.

¹²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 219.

¹²³ Auðunarstofa var reist á Hólum 1316-17 í tíð Auðuns rauða Þorbergssonar biskups og var timbrið í hana fengið frá Noregi. Stofan var rifin árið 1810 og timbrið selt á uppboði.

¹²⁴ Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, Hólahreppur, 2011. Bls. 260.

¹²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1930. Bls. 220.

Þönglabakki - sjóbúð

Sjóbúð stóð að nafninu til á Þönglabakka árið 2013 þegar fornleifar voru skráðar þar.¹²⁶ Hún snéri austur/vestur með dyrum á móti suðri. Utanmál búðarinnar var 7x11m. Veggir voru mest um 2,5m á hæð og tæpir 2m á breidd þar sem þeir eru breiðastir. Húsið var síðast notað sem fjárhús. Þakið var bárujárnsklætt. Jarðamatsmenn árið 1709 sögðu laka torfstungu og -ristu í Þönglaskálalandi¹²⁷ og því þarf ekki að koma á óvart torfleysið í sjóbúðinni, sem stendur í landi Þöngskála, eins og það var á 18. öld.



Mynd 207.



Mynd 208.

Veggir sjóbúðarinnar virtust hlaðnir úr þurru skriðugrjóti. Miðað við hvernig grjótið var farið að riðlast í hleðslunni voru veggirnir sennilega tvöfalt hlaðnir og fylltir upp með torfi og öðrum jarðvegi. Ekki er hægt að fullyrða um hvort grjótið hafi verið upphaflega bundið saman með streng eða torfum en hafi svo verið var allt torf á kápuhliðinni (ytri hlið) burtu veðrað fyrir löngu/Ljósm.BZ-2013.

Samantekt og álitamál

Í skýrslunni er gerð grein fyrir torf- og grjóthleðslum á 48 stöðum í Skagafirði. Á nokkrum þeirra voru könnuð fleiri en eitt mannvirki og ein hleðslugerð. Þótt ekki séu nema tveir áratugir liðnir síðan starfsmenn Byggðasafnsins fóru að kanna, meta og ljósmynda hinar ýmsu hleðsluleifar er um helmingur þeirra horfinn nú, sjá töflu 1. Nokkrar hafa menn fjarlæggt, aðrar hafa gróið upp og samlagast landslaginu í kring þannig að þær eru ekki lengur greinanlegar.

Jarðabókin veitir góðar upplýsingar um hvað virt var jörðum þeim til ágætis á 18. öld og hve margar skepnur talið var að jarðir gætu borið og þar með mannskap. Að mestu leyti kallast hleðslugerðir, sem kannaðar voru, á við upplýsingar 18. aldar jarðamatsmanna um torftökumöguleika á jörðum en sums staðar stangast þær á við veruleikann. Torfhluunnindi jarða voru þau sömu frá 18. öld og fram á þá 20., eða þar til farið var að þurrka jarðir til ræktunar í stórum stíl. Þá voru góð torfristu- og torfstungusvæði þurrkuð upp og eyðilögð um leið og menn umbyltu jörðu. Grunsemdir skýrsluhöfundar um að torftökulýsingar 18. aldar væru víða óþarflega neikvæðar miðað við veruleika 20. aldar torfbygginga áttu við rök að styðjast á að minnsta kosti níu stöðum (sjá töflu 1). Annaðhvort könnuðu þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín, jarðamatsmenn og bókarhöfundar, ekki alla staðina sjálfir og treystu þeim sem kvittuðu upp á lýsingarnar eða að þeir létu orð bænda standa, sem hafa ekki ætlað að eiga á hættu að þyngja skattheimtu af löndum sínum með frásögnum af gæðatorfi. Víða þar sem sögð er lök torfstunga og -rista vísuðu 20. aldar torfhleðsluleifar til ágætrar torftöku. Dæmi um það var á Kleif (mynd 24) þar sem heil skilarétt var hlaðin úr fínu torfi og á Hólsstekkhúsum á Hóli (mynd 26, 27, 28), sem reyndar voru í báðum tilfellum langt frá bæjum. Sama mat kom fram í Kolgröf (mynd 83, 84, 85), á Ytra-Vatni (mynd 90, 91), Steinsstöðum (mynd 92, 93, 95, 96), Syðstu-Grund (mynd 162, 164,

¹²⁶ Bryndís Zoëga, 2013. Bls. 24.

¹²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930. Bls. 259.

166), Mið-Grund (mynd 173, 176, 178-182) á Kjarvalsstöðum (mynd 200) og í Efra-Ási mynd 206) í Hjaltadal. Á öllum þessum stöðum sögðu 18. aldar menn að væri lök torftaka en torfhleðsluleifar 20. aldar sögðu til um annað, svo sem sjá má á myndunum. Sennilegar skýringar eru þær að bændur töluðu ekki um að torftaka væri góð ef þurfti að fara langt eftir efninu. Orð Jarðabókahöfunda um vanda Hjaltastaðabænda, sem urðu að fara langa leið eftir góðum reiðingi¹²⁸, vísa til þess. Þeir áttu samt reiðing í eigin landi og var meira en margur gat sagt. Samhljómur var á milli fullyrðinga um lélega torftökumöguleika á dalabæjum í Jarðabókinni og hleðslugerðum hjá dalabændum 20. aldar. Þeir notuðu mun meira grjót en torf í byggingar.

Hleðsluefni, hleðslugerðir

Grjót var notað í byggingar, garða, vegi og fleira en hleðslugrjót er aldrei nefnt sem hlunnindi í *Jarðabókinni*, hvorki gott né vont. Þó gat vöntun á grjóti skapað vanda fyrir bændur sem höfðu ekki aðgang að því á eigin landi. Einkum ef jörð var blaut. Ástæðan er einföld þótt svo virðist kannski ekki við fyrstu sýn. Það var betra að hafa grjót í neðstu hleðslulögum til að rjúfa uppsog raka úr jarðveginum þannig að hleðslan þornaði. Hún stendur betur þurr en blaut. Því meira sem var af grjóti í veggjum búpeningshúsa, rétta og í vörslugörðum því betur stóðu þeir.

Það heyrði til undantekninga ef jarðir voru grjótlitlar en þær voru þó sannarlega til í Skagafirði, í Hólminum, á Eyrendinu og á Langholtinu. Þar sem grjót var í byggingum í þeim byggðum hafði það undantekningalítið verið notað aftur og aftur, öld fram af öld, og allt grjót var hirt sem fannst við jarðrask, annars þurfti að flytja það langar leiðir. Torf er aðalefni bygginga á þessum svæðum og það var gæðatorf, sem veitti góða einangrun þegar það þornaði. Þurrt torf er mjög einangrandi og þess vegna þarf engan að undra að bæir þar sem fólk bjó voru yfirleitt torfríkari en búpeningshúsin og allt kapp lagt á að halda þeim torfhleðslunum þurrum.

Síra kir veggir og garðar þenjast og skreppa saman á víxl, frjósa, springa, fúna, mygla, myldast upp og hrynja. Skraufapur veggur getur varið sig ótrúlega lengi gagnvart raka og hnjaski. Torfveggir taka til sín raka og stöðugur raki veldur skemmdum. Þess vegna þarf nýhlaðinn veggur að ná sem bestum þurrki sem fyrst. Þegar nýtt eða nýlegt torf, enn fullt næringarefnum, nær ákveðnu raka- og hitastigi lifnar hvít mygla í því, sem vitnar um þurrkstöðu þess. Ekki þarf að hafa áhyggjur af henni ef veggirnir eru að þorna því hún hverfur um leið og ákveðnu þurrkstigi er náð. Blotni hleðslan hins vegar geta lifnað í henni fleiri og erfiðari mylgutegundir og grös og sé viðvarandi hlýja og raki eyðileggst veggurinn á nokkrum árum/mánuðum. Bændur þurftu sem sagt að verjast veggjaraka sem kallaði fram myglu í hlýindum og frostlopa, jafnvel frostklumpa í vetrarkuldum.

Grjót myglar ekki en það leiðir vel bæði hita og kulda. Grjót hafði þann kost í búpeningshúsum að skepnur átu það ekki, eins og gat hent rötargott torf og grjóthleðslum var ekki eins auðveldlega hægt að hnoða og nudda í burtu eins og mjúkt torf. Hvort tveggja gæti verið ástæða þess að menn völdu fremur grjót en torf í neðri hluta búpeningshúsveggja, eins og skepnurnar náðu, einkum sauðfé og kýr. Nautgripir voru alltaf hættulegir hleðslum ef þeir á annað borð byrjuðu að hnoðast á þeim og klóra sér á hausnum. Langflestir veggir búpeningshúsa voru þess vegna með grjóthleðslum í neðri veggglutum en hnaus og streng í efri veggglutum. Algengust var klömbruhleðsla í streng, alveg eins og Jónas frá

¹²⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930. Bls. 188, 191.

Hrafnagili fullyrta að hefði verið.¹²⁹ Algengt var að sjá grjóthleðslu upp til hálfs á innveggjum, að lágmarki í 50-60sm hæð. Útveggir voru yfirleitt hlaðnir með lágmark tvö til þrjú neðstu hleðslulög úr grjóti. Undantekningar frá þessu voru á bæjum þar sem grjóttaka var örðug, eins og á Hólmabæjunum (myndir 64, 66, 67) og á jörðum á Langholtinu (mynd 45, 47). Dæmi um þannig hús var grjótlaust Vallafjósið (mynd 68). Ástæðan er einföld. Þar er afbragðs torftaka en varla grjót að finna. Sama gildi um Sjávarborgarland við Miklavatn þar sem Borgarselhúsin stóðu (mynd 35). Í þeim var aðflutt grjót oft langar leiðir á sleðum. Þar sem góð grjóttaka var, en erfið torftaka, eins og á Þorljótsstöðum (mynd 113) og Skatastöðum (mynd 127) voru allir veggir hlaðnir upp með grjóti í grundartorf (vallendistorf).

Tvöfaldir veggir sem eru breiðari en svo að torfið nái saman (mynd 93) eru fylltir með þéttum jarðvegi. Væri veggurinn ekki því breiðari var bundið þvert yfir hann á milli ytri og innri hleðslu með torfi. Roftorf virtist hafa verið algengt í veggfyllingum enda skraufapurrt (mynd 88) og blotnar ekki svo glatt, nema vatn standi í því og á. Þá reynir á að hafa fyllinguna sem þéttasta. Á aðeins einum stað, í Guttabúshúsunum í Vesturdal (mynd 119), sást grjótpúkk í bland við mold í fyllingunni. Jarðvegsfylling var jafnt í milli á grjót- og torfhlöðnum veggjum eins og torfhlöðnum. Þurr og þétt veggfylling gat staðið hleðslurnar af sér. Það sást vel í hálfhrundum veggjum þar sem hleðslur höfðu gefið sig svo sást í fyllinguna (mynd 182). Engin ástæða er til að fjarlægja þurra og þetta uppfyllingu þótt þurfi að gilda upp hleðslur á annarri hvorri hliðinni eða jafnvel báðum megin (mynd 7). Væri fyllingin blaut þurfti að endurnýja hana. Þegar veggir eldast og hleðslur gefa sig þannig að regn, vindur og snjór kemst að uppfyllingunni safnar hún í sig raka, frost smýgur inn í hana og þá þenst hún út og sprengir hleðslurnar. Dæmi um afleiðingar þessa mátti sjá á sjóbúðinni á Þönglabakka (mynd 209) og víðar.

Menn voru ekkert að elta við að gilda upp veggir eða bæta ofan á þá með samskonar efni (mynd 74, 111, 138, 149, 178, 182) og stundum voru viðbrögð við bilandi hleðslum þau að setja timburpil til stuðnings þeim, eins og gert var á Hrólfsstöðum (mynd 156) og á Krithóli (mynd 72). Ef ekkert er að gert eyðileggst veggurinn á nokkrum árum. Víða mátti sjá strengjahleðslu efst í veggjum og greinilega var algengara að hækka veggir upp með streng fremur en hnausum. Hins vegar virtust uppgildingar, þar sem veggir höfðu bilað, oftar vera með hnaus í streng, fremur en eingöngu úr streng.

Þegar hleðsluefni voru grandskoðuð, á sínum stað, sást að þau höfðu verið sniðið til, skorin og snyrt eftir að þau komu í vegginn. Hnjúskar og börð á nýhlöðnum veggjum eru vanalega skornir með ljá eða skóflu. Í sumum tilvikum mátti enn sjá för eftir snyrtinguna utan á veggjum. Klömbruhnausar eru lagðir hlið við hlið í hleðsluna. Þeir eru skástungnir þannig að hallinn á þeim er sá sami. Þá þurfti að snyrta til eftir að þeir voru komnir á sinn stað. Hnakkar þeirra urðu að vera jafnþykkir því efnið þurfti að sitja vel, jafn hátt og þétt. Þess vegna er sneitt af þeim og slétt sæti myndað fyrir strenginn sem lagður er á milli, eða næsta torflag, hvort sem það var strengur, klambra, eða aðrir hnausar. Þegar klömbruhlaðinn veggur hrynur er auðvelt að sjá hve mikið hefur verið sneitt af hverjum hnakka og þannig má líka þekkja hvor hlið hnaussins snéri upp í hleðslunni.

Horn og dyr voru ýmist hlaðin úr hornhnausum, stuðlahlaðin (mynd 64) eða að hlaðið var fyrir horn sem kallað var, með hornhnausum, s.s. á Völlum (mynd 66, 68), fjárhúsunum á Hóli (mynd 99, 100), í tóftardyrnunum í Flatatungu (mynd 149) og í hlöðunni á Mið-Grund (mynd 182). Hvort tveggja var jafn

¹²⁹ Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 443-4.

algengt. Stuðlahleðsla úr efnismiklum hornhnausum, eins og t.d. við dyr voru oft einu hleðslurnar sem eftir stóðu af húsunum s.s. dæmi voru um í Krithólsgærði (mynd 76) og á Steinsstöðum (mynd 92). Kenning um að stuðlahlaðnar bogahleðslur, úr efnismiklum hnausum séu styrkari en flestar hleðslur, gengur ágætlega upp miðað við að sums staðar voru þannig hlaðnar tóftardyr það eina sem eftir var af hlöðnum veggjum húsa, s.s. á fjárhúsum í Borgarseli (mynd 36), Krossanesi (mynd 64) og á Tyrfingsstöðum (mynd 136). Stuðlahleðslur af því tagi eins og þar voru og eru enn í Flatatungu (mynd 149) má segja að sé hámark torfhleðslutækninnar.

Merkjanlegur munur var á hleðslugerðum eftir því hvar hús stóðu, fremur en um hvers konar hús var að ræða. Grjót var ríkjandi í hleðslum í torfrýru landi og torf ríkjandi í hleðslum á grjótrýru og grjótlausu landi. Hleðsluefni virtust í flestum tilfellum hafa ráðist af aðdráttarfjarlægð, eftir því hve langt þurfti að fara með (draga, bera) efnið. Gott dæmi um það var í Breiðargerði (mynd 101) þar sem hleðslur í bæði bæjar- og búpeningshúsum heima við voru mun grjótríkari en í Geithúsum (mynd 111), beitarhúsunum frá Breiðargerði sem stóðu allfjarri bæ, enda var/er góð torfmýri skammt frá Geithúsum. Á báðum stöðum var nóg af grjóti. Sömuleiðis má kalla Kleifarrétt (mynd 24) fram til vitnis í þessu sambandi því *Jarðabókin* segir torfristu- og stungu á Kleif lítt bjarglega en réttin er næstum grjótlaus þótt grjótmelar með góðu hleðslugrjóti séu allt í kring um hana en, svo sem fram er komið, stendur réttin við ágæta torfmýri.

Ríkjandi torfhleðslugerð, miðað við þær hleðslur sem kannaðar voru, var klömbruhnaus (klambra) hlaðinn í streng. Víxllagðir klömbruhnausar gefa styrka hleðslu en menn hafa ekki stressað sig yfir því þótt hnausarnir hafi óvart, verið lagðir til sömu áttar, eina og eina röð, svo sem sjá mátti á Steinsstöðum (mynd 95), Tyrfingsstöðum (mynd 138), Flatatungu (mynd 149) og víðar (mynd 17). Jafn algeng hleðslugerð var grjót í streng (sjá töflu 2).

Nokkrar hlaðnar réttir voru skoðaðar. Þær voru ýmist hringlaga eða kantaðar. Réttir eru misstórar, þær stærstu voru skilaréttir en þær minnstu stekkir og kvíar. Réttir voru hlaðnar bæði úr grjóti eingöngu (þurru grjóti) og grjóti í torf. Aðeins einn vatnsbrunnur var skoðaður (mynd 97). Hann var hringlaga, djúpur og allur hlaðinn úr grjóti í torf. Spurnir af öðrum brunnum benda til samskonar aðferða við brunnhleðslu, svo sem í Glaumbæ og á Stóru-Ökrum.¹³⁰

Þök og grindargerðir

Þegar horft er til þak- og grindargerða á búpeningshúsum var í þeim einföld grind með innstöðum undir mænisásum og veggstöðum (útstöðum) undir lausholtum (syllum, vegglægjum) sem raftar voru lagðir á eða sperrur, ef ekki var ásapak. Fleiri gerðir sáust og vitnuðu um eldri afbrigði eða einhvers konar samsuðu grindar- og þakgerða. Flestar hlöður, sem enn stóðu, voru einása þar sem mænisásinn hvíldi á stöðum á miðju gólfi. Á þeim voru raftar yfirleitt lagðir af veggjum á ásinn og tyrft yfir. Dæmi um þær voru í Bakkakoti (mynd 124) og á Tyrfingsstöðum (mynd 139). Einása hlaða með stöðum á miðju gólfi og stöðum undir lausholtum var t.d. í Sólheimum (mynd 155). Flest fjárhús voru tvíasá hús með stöðum standandi á hlöðnum görðum, eins og á Hólstekkshúsum (mynd 24), fjárhúsunum í Breiðargerði (mynd 108), Tyrfingsstöðum (mynd 137) og Hofi (mynd 202). Miðfjárhúsið á Geithúsum (mynd 111) var gott dæmi um hús þar sem ásinn var ekki fyrir miðju húsi en það mun líka hafa

¹³⁰ Gunnar Gíslason (1914-2004). Sigurður Björnsson (1927-2015).

tíðkast.¹³¹ Á flestum þessara húsa lágu raftar af lausholtum (syllum) sem lágu á veggstoðum eða á vegglægjum á veggjum, eins og í nautahúsi á Krithóli (mynd 73). Í nokkrum fjárhúsum lágu raftarnir beint á veggjunum. Dæmi um þannig hús voru í Bakkakoti (mynd 17, 183) og á Syðstu-Grund (mynd 172b). Hægt var að sjá spor eftir rafta og þverbita efst á veggjum, eins og á Holtskotshlöðunni (mynd 61), hlóðaeldhúsinu á Syðra-Skörðugili (mynd 51) og sporið eftir mænisásinn í fjóshlöðunni í Breiðargerði (mynd 104). Ágiskun mín er að fjárhúsin á Hofi í Hjaltadal (mynd 201, 202) hafi verið þannig gerð í upphafi að þakraftar hafi legið á veggjunum og að menn hafi skotið hálfstoðum undir þá á einhverju viðgerðastiginu, til að styrkja þakið og verjast því að það þrýsti of mikið á efstu veggjahleðslur.

Fjárhús sem stóð úti á túni í Bakkakoti (mynd 125) virtist upphaflega geta hafa verið af sömu grindargerð og hlóðaeldhúsið á Syðra-Skörðugili. Þverbitar lágu á milli veggja og dvergar (stoðarstubbar) sem stóðu á þvertrjálum héldu ásum uppi. Þvertrén voru enn á sínum stað í Bakkakotshúsunum en það var búið að skjóta stoðum undir þau, bæði við vegg og garða. Einnig var búið að fjarlægja dvergana og setja stoðir, sem stóðu á garðanum undir ásum. Þetta voru tvíása hús. Augljóst var að margbúið var að hlúa að húsgrindinni.

Sperrupök voru ekki áberandi á búpeningshúsum en þau voru ríkjandi í húbýlum manna, eins og á Syðstu-Grund (mynd 165, 166) og víðar. Á Syðstu-Grund voru flest hús með einhvers konar sperrupaksútfærslum (mynd 171, 172), jafnvel þau sem höfðu einhvers konar mænisás mynd til að styðja þakviðina. Þegar gert var við fjárhús á Bjarnastöðum og á Þverá á áttunda áratug síðustu aldar var sperrupak sett á Bjarnastaðahúsin (mynd 189), Þverárþændur héldu sig við tvíásapaksgærðina (mynd 198). Ýmislegt bendir til að þændur hafi verið íhaldssamir þegar kom að viðhaldi og byggingum búpeningshúsa. Langflest fjárhúsanna voru garðahús, með upphlöðnum garða í miðju húsi, á milli stoða. Svokölluð jöthús voru samt víða, en þá var jatan höfð lág við langveggi húsa eins og á Halldórsstöðum (mynd 47) og í Geithúsum (mynd 111). Jata var meðfram langveggjum í fjósunum, yfirleitt í sömu hæð og í fjárhúsunum, en einnig upphækkuð og þá smíðuð úr tré eins og stallarnir í hesthúsunum á Steinsstöðum (mynd 94) og Syðstu-Grund (mynd 166). Tveir hlaðnir stallar komu í ljós í þessum könnunum en þeir hljóta að hafa verið víðar. Í hesthúsum í Kolgröf (mynd 83) og í Breiðargerði (mynd 106) voru fallega upphlaðnir stallar.

Tyrfð þök eru viðkvæmust þegar þau eru alveg ný. Sem uppistöðu í þaktorfi er sóst eftir rótarsterkum og rótarríkum plöntum, eins og mýrarplöntum í byggingartorfi. Gott er að hafa aðgang að grundartorfi (svarðartorfi) með rótarsterkum og jarðrengluríkum vallendisplöntum í efsta lag þaksins. Sé efsta lag þaktorfs tekið í mýri verður að gera ráð fyrir jurtaskiptum í þeim. Mýrarplönturnar þola ekki þurrkinn og deyja smám saman. Tíminn sem það tekur fyrir þurrendisplöntur að nema land, komast á legg og lifa, getur tekið tvö til fjögur ár, eftir því hvernig þakið er meðhöndlað. Æskilegt er að vökva ný þök til að halda lífi í þeim mýraplöntum sem mögulega þola þurrkinn á meðan harðgerðari og þurrkþólnari plöntur nema land í þekjunni. Vandí við þökin er að ef efsta lag þekjunnar rifnar og springur, vegna þurrka eða sólar, kemst regn auðveldlega í gegn og veldur leka. Gömul þök þarf ekki að vökva sé komið í þau smátt harðgert língresi og eða húsapunktur með sínum sterku jarðrenglum. Ræturnar lifa þótt grösín hverfi og þær þola ótrúlega langa þurrka. Þannig grös eru heilbrigðisvottorð fyrir torfþök.

¹³¹ Hörður Ágústsson, 2004. Bls.136.

Rætur þeirra halda því saman og lítil hættu er á að þau rifni í þurrkum. Flestar aðrar grastegundir gefa eftir, víkja og deyja í langvarandi þurrkum. Þá þarf/verður að vökva þökin. Ofvökvun er hins vegar varhugaverð. Ofvökvun getur valdið því að veggir nái ekki að þorna og sírakur veggur rotnar fyrr og gras festir rætur í honum. Kafloðinn veggur heldur rakanum betur en ef hann er graslaus (sköllóttur). Þar með er komin hringrás sem verður ekki rofin nema reita vegginn eða skera utan af veggnum.

Að lokum

Samanteknar vettvangskannanir og fornleifaskráningar, eins og hér er gert, gefa nokkuð glögga mynd af grjót- og torfhleðslu í Skagafirði. Þótt ekki hafi tekist að skoða hverja einustu greinanlegu garð- eða vegghleðslu sem vitað var um má segja að skýrslan gefi a.m.k. þokkalega mynd af algengustu hleðslugerðum, a.m.k. í búpeningshúsum. Mynd sem bendir til að hver og einn hleðslumaður hafi haft sinn háttinn á hleðslunum, hafi haldið sinni sérvisku og verið fastheldinn á aðferðirnar. Sumir gilduðu alltaf upp með streng, aðrir með hnausum. Flestir notuðu báðar gerðirnar saman. Á töflu 1 og 2, á næstu blaðsíðum, má lesa ýmsar fleiri upplýsingar. Í töflu 1 sést meðal annars að þriðjungur þeirra hleðsla sem hér eru til umfjöllunar eru nú horfnar. Í töflu 2 sést meðal annars að meirihluti veggja er í grunninn hlaðinn úr grjóti í torf (streng), að langalgengasta torfhleðslugerðin er klambra (klömbruhnaus) í streng, að algengara var að hlaða horn úr hornhnausum en klömbruhnausum eða streng og að roftorf úr gömlum veggjum og þökum var notað ef þurfti að gera við og gilda upp veggi (mynd 96, 172b, 201) eða fylla upp í vegg (mynd 74, 99, 105). Ýmis afbrigði og útfærsluatriði vísa til mismunandi kunnáttu, sem kemur fram í hleðsluafbrigðum eins og bogahlöðnum tóftardyrum.

Afbrigði hleðslunnar velta á hleðslumönnunum og möguleikum til að ná í efnið fremur en efnisgæðum. Grjót- og torfhleðsla er erfiðisvinna sem menn reyndu að vinna sér eins létt og kostur var. Það sést á því m.a. að efni í byggingarnar virðist yfirleitt hafa tekið sem næst þeim. Staðarval húsa gat hafa verið háð möguleikum til öflunar byggingarefnisins, einkum torfsins.

Tafla 1 Staðsetningar og fjöldi skoðaðra og horfinna hleðsluleifa.

Skoðaðar hleðslur	Skoðað	Er	Horfið	Skýring	Torfgæði í samræmi v. 18. aldar heimild
Hraun - fjárhús	2016	1			já
Akur - fjárhús, fjós, íbúð	1989	1	1	veðrun	já
Kleifarrett	2017	1			nei
Hólsstekkur - hesthús	1993	1		fallið	nei
Bakkarétt	2017	1			nei
Reykir - hjallur & sjóbúð	1993	2		endurgerð	
Fossárteigur	2016	1			
Sjávarborg - Borgarselshús	1997		1	fallið, veðrun	já
Kárastaðir - vörslugarður	2018	1			já
Skarðsá - bær	1987,1989		1	jafnað við jörðu	nei
Halldórsstaðir - fjárhús	1995		1	jafnað við jörðu	
Syðra - Skörðugil – bær	1989		1	jafnað við jörðu	
Geldingaholt	1988		1	jafnað við jörðu	
Holtskot - fjárhús & hlaða	1988		1	fallið, veðrun	
Krossanes	2009	1			
Vellir - bær & fjós	1988	2			
Krithóll - búpeningshús	1999		1	jafnað við jörðu	já
Krithólsgerði - fjárhús	2017	1			já
Kolgröf - búpeningshús	1999/2017	1		hanga uppi	nei
Álfgeirsvellir - skemma	1999		1	veðrun	já
Ytra - Vatn - fjárhús	2017	1			nei
Steinsstaðir - bær & búp.hús	1995		2	veðrun	nei
Hóll - fjárhús	1998		1	jafnað við jörðu	já
Breiðargerði - bær & búp.hús	1989		3	jafnað við jörðu	já
Breiðargerði - Geithús	1989		1	jafnað við jörðu	já
Þorljótsstaðir - bær	1995			varðveitt að hluta	já
Hofsrett	2003	1			
Hlíðarrett	2003	1			
Guttabú - fjárhús	1999	1		mjög veðrað	
Bakkakot -bær	1992		1	veðrun	já
Bakkakot - fjárhús & hlaða	1992	1			já
Skatastaðir - bær/fjárhús	1990		2	veðrun	já
Gilsbakki - bær (fjós+kofi)	1992		1	veðrun	já
Tyrfingsstaðir - bær & búp.hús	1999	5		öll hús endurgerð	já
Flatatunga - fjárhús	2010	1			já
Bessakotsrétt	2010	1			
Sólheimar - bær & hlaða	1988		2	jafnað við jörðu	já
Hrólfstaðir - bær	2006		1		
Stóru-Akrar - Hringkofi	2009	1			já
Minni-Akrar - bær & fjós	1987		2	veðrun	já
Syðsta-Grund - bær	1988		1	jafnað við jörðu	nei
Syðsta-Gurnd - búpeningshús	1988/1999	1		uppihangandi	nei
Mið-Grund - bær & fjárhús	1991		1	veðrun	nei
Bjarnastaðir - búpeningshús	1999		1	veðrun	já
Bjarnastaðir - stekkur	1999	1			nei
Hjaltastaðir - búpeningshús	1999		1	jafnað við jörðu	já
Þverá - fjárhús	2000		1	jafnað við jörðu	já
Syðri-Hofdalir – hesthús	1989		1	jafnað við jörðu	já
Kjarvalsstaðir - bær	1999		1	brann	nei
Hof - fjárhús	1999		1	fallið	
Hof - Stekkjarhvammsrétt	1999	1			
Víðines - bær	1990		1	jafnað við jörðu	já
Efri-Ás - skemma	1999		1	jafnað við jörðu	nei
Þönglabakki - sjóbúð	2013	1			já
		32	35		

Tafla 2. Hleðsluefni, hleðslugerðir.

1 Myndgreiningar: númer myndar og myndefni. Grjót- og torfhleðslur	Grjót í torf 1-3 raðir	Grjót í torf fleiri en 4 raðir	Grjót í torf alla vegg hæðina	Eingöngu grjót	Eingöngu torf	Strengjahleðsla	Klömbra í streng	Klambra eingöngu	Klömbruhleðsla í sömu átt	Klömbruhleðsla fyrir horn	Kvísahnaus í streng	Kvíahnaus eingöngu	Snidduhleðsla í streng	Hornhnaus í streng	Stuðlahleðsla - dyr	Rofrtorfsnausar
21 fjárhúsveggur		1														
22 búpeningshús	1	1					1									
23 hálfveggir-íb.hús											1					
24 skilarétt							1									
26 fjárhús/hesthús	1						1									
30 skilarétt	1						1									
32 sjóbúð		1	1													
33 hjallur	1						1									
34 sjóbúð			1													
35 fjárhús	1						1					1		1	1	
37 vörslugarður				1												
40 bær		1				1	1							1		
47 fjárhúsveggur					1		1									
51 hlóðaelldhús	1					1										
55 skemmuveggur		1					1									
56 baðstofuveggur					1	1										
57 hlóðaelldhús					1		1									
58 baðstofa - innv.	1					1							1	1		
61 hlaða		1				1										
62 hlaða (sama)	1					1								1		
63 fjárhús	1						1						1			
64 fjárhús					1		1							1	1	
66 baðstofa					1		1			1				1		
68 fjós					1		1			1						
69 búr				1		1										
71 fjárhús		1														
73 fjós/nauthús			1													
74 hlaða	1				1	1					1					1
75 fjárhús							1							1		
77 fjárhús	1					1	1									
79 fjárhús	1						1							1		
82 hesthús		1					1							1		
83 hesthús (sama)		1					1									
84 fjárhús		1					1									
Síða 1 samantekin	12	10	3	2	7	9	20	0	0	2	2	1	2	9	2	1

2 Myndgreiningar: númer myndar og myndefni. Grjót- og torfhleðslur	Grjót í torf 1-3 raðir	Grjót í torf fleiri en 4 raðir	Grjót í torf alla vegg hæðina	Eingöngu grjót	Eingöngu torf	Strengjahleðsla	Klömbra í streng	Klambra eingöngu	Klömbruhleðsla í sömu átt	Klömbruhleðsla fyrir horn	Kvísahnaus í streng	Kvíahnaus eingöngu	Snidduhleðsla í streng	Hornhnaus í streng	Stuðlahleðsla - dyr	Rottorfnhausar
flutt af síðu 1	12	10	3	2	7	9	20	0	0	2	2	1	2	9	2	1
85 hlaða		1					1		1					1		
86 skemma	1					1	1							1		
90 fjárhús		1					1									
92 baðstofudyr						1	1							1		
93 milliveggur		1					1									
95 hlöðuveggur		1					1									1
96 hlöðuveggur		1	1			1	1				1					
97 brunnur			1													
99 fjárhús		1					1			1						1
101 fjós			1			1										
103 framhúsveggur		1					1									
104 fjóshlaða		1				1	1	1								
105 hesthúsdyr			1													1
106 hesthús - inni		1				1										
109 hlaða	1						1									
111 fjárhús	1						1									1
113 bæjarhús			1													
116 skilarétt				1												
117 skilarétt				1												
120 fjárhús		1					1									
123 hlaða/tóftardyr		1					1	1								
124 hlaða		1					1	1								
125 fjárhús			1													
128 fjárhús			1		1											
133 fjós		1				1	1						1			
136 fjárhús/tóftardyr							1							1	1	
137 fjárhús	1						1									
138 hlaða	1						1		1							
141 hesthús	1						1									
144 fjárhús		1					1	1								
145 göng/dyr	1						1							1		
148 fjárhús		1					1									
149 fjárhús/tóftardyr							1	1	1	1				1	1	
Síða 1- 2 samanteknar	19	25	10	4	8	16	44	5	3	4	3	1	3	15	4	5

3 Myndgreiningar: númer myndar og myndefni. Grjót- og torfhleðslur	Grjót í torf 1-3 raðir	Grjót í torf fleiri en 4 raðir	Grjót í torf alla vegg hæðina	Eingöngu grjót	Eingöngu torf	Strengjahleðsla	Klömbra í streng	Klambra eingöngu	Klömbruhleðsla í sömu átt	Klömbruhleðsla fyrir horn	Kvísahnaus í streng	Kvíahnaus eingöngu	Snidduhleðsla í streng	Hornhnaus í streng	Stuðlahleðsla - dyr	Rottorfshnausar
Flutt af síðu 2	19	25	10	4	8	16	44	5	3	4	3	1	3	15	4	5
150 skilarétt				1												
153 baðstofa	1						1									
154 hlaða	1						1							1		
157 bær	1						1							1		
158 reykkofti/fjárh	1						1									
160 baðstofa	1						1							1		
164 framhúsgafl					1	1	1							1		
166 hesthús	1						1	1								
178 göng	1					1	1									
180 húsgafl	1					1										
181 fjárhús		1					1							1	1	
182 hlaða	1					1	1			1						1
184 fjárhús/dyr		1				1										
188 hlaða	1										1			1		
190 stekkur				1												
193 hlaða		1					1									
194 fjárhús		1									1			1		
195 fjárhús		1										1				
197 fjárhús		1					1									
200 hlóðaelldhús		1					1									
201 fjárhús		1				1										1
202 fjárhús (sömu)		1					1									
204 rétt/stekkur				1												
206 skemma	1						1							1		
207 sjóbúð			1													
Síða 1-3 samanteknar	30	34	11	7	9	22	59	6	3	5	5	2	3	23	5	7

Heimildaskrá

Skammstafanir

- ABB – Arna Björg Bjarnadóttir, óðalsbóndi, áður sagnfræðingur hjá Byggðasafni Skagfirðinga.
BSk. – Byggðasafn Skagfirðinga.
BZ – Bryndís Zoëga, landfræðingur, hjá Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga.
GSS – Guðmundur Stefán Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra, áður fornleifafræðingur hjá Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga.
GZ – Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, deildarstjóri Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga.
EH – Egill Helgason (1919-2003), frá Tungu í Gönguskörðum.
HP – Hjalti Pálsson, ritstjóri Byggðasögu Skagafjarðar.
HSk. – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
KG – Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur, hjá Byggðasafni Skagfirðinga.
SS – Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur, áður safnstjóri Byggðasafn Skagfirðinga.
Þjms. – Þjóðminjasafn Íslands.
Þjskj. – Þjóðskjalasafn Íslands.

Prentaðar heimildir

- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn með styrk úr Ríkissjóði Íslands. Niúnda bindi. Prentað hjá S.L. Möller. Kaupmannahöfn.
- Bryndís Zoëga, 2013. *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð 2. áfangi*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2013/142. Sauðárkrókur.
- Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2016. *Fornleifaskráning í Akrahreppi. Flatatunga og Sólheimar*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafn Skagfirðinga 2011/116. Sauðárkrókur.
- Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, 2016. *Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð 1. áfangi*. Byggðasafn Skagfirðinga Rannsóknaskýrslur 2016/159. Sauðárkrókur.
- Bryndís Zoëga, 2017. *Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð 2. áfangi*. Byggðasafn Skagfirðinga Rannsóknaskýrslur 2017/170. Sauðárkrókur.
- Bryndís Zoëga, 2017. *Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi*. Byggðasafn Skagfirðinga 2017/180.
- Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur*, 1999. Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson frá Hofi. Aðstoðarritstjóri: Halldór Ármann Sigurðsson. Höfundar efnis: Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Halldór Ármann Sigurðsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.
- Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi, Staðahreppur – Seyluhreppur*, 2001. Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson frá Hofi. Höfundar efnis: Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Halldór Ármann Sigurðsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.
- Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi, Lýtingsstaðahreppur*, 2004. Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson frá Hofi. Höfundar efnis: Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Rósmundur Ingvarsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.
- Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, Akrahreppur*, 2007. Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson frá Hofi. Höfundar efnis: Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.
- Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, Hólahreppur*, 2011. Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson frá Hofi. Höfundar efnis: Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur.
- Guðmundur Hannesson, 1943. „Húsagerð á Íslandi“ (1-317). *Iðnsaga Íslands*. Ritstj. Guðmundur Finnbogason. Útg. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Reykjavík.
- Hörður Ágústsson, 2004. *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn. Staðir og kirkja III*. Útg. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Hjörleifur Stefánsson, 2013. *Af jörðu. Íslensk torfhús*. Útg. Crymogeia í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
- Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949 1. hefti*, 1950. Reykjavík.
- Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Þriðja útg. Útg. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Munnlegar heimildir og úttektir

Atli Már Traustason (f. 1973). Uppalinn á Syðri-Hofdölum og ábúandi þar.
Árni Björnsson (1938-2017). Uppalinn í Krithólsgerði og ábúandi þar.
Brynleifur Tóbiasson (1937-2006). Uppalinn í Geldingaholti.
Friðrik Ingólfsson (1924-2004). Uppalinn á Steinsstöðum.
Gunnar Gíslason (1914-2008), sóknarprestur í Glaumbæ frá 1943-1982.
HSk. Skýrsla Brunabótafélags Íslands. Virðingarnr. 11, þann 20. maí árið 1934.
HSk. Skýrsla Brunabótafélags Íslands. Virðingarnr. 30, þann 17. apríl 1934
Kjartan Björnsson (1932-2015). Ábúandi á Krithóli.
Kristján Kristjánsson, f. 1947. Uppalinn á Skatastöðum.
Leifur Hreggviðsson (1935-1918) í Bakkakoti. Uppalinn á Sauðárkróki og í Vesturdal.
Sigurður Björnsson (1927-2015). Uppalinn á Stóru-Ökrum og ábúandi þar.
Sigurjón Jónasson á Syðra-Skörðugili (1915-1993). Ábúandi á Syðra-Skörðugili.
Þórólfur Pétursson, f. 1942. Uppalinn og búandi á Hjaltastöðum.

Vefheimildir

Alþingi.is. *Lög um menningarminjar*, 2012 nr. 80, 29. júní. Skoðað þann 12.11.2018.
Glaumbaer.is. Sjá *Torf til bygginga* á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/c-vii-torf-til-bygginga.pdf>,
Gamlir byggingahættir á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/xiv-gamlar-byggingar.pdf> og *Lesið í landið* á <http://www.glaumbaer.is/static/files/Gagnabanki/lesid-i-landid-xviii.pdf>.
Loftmyndir ehf., sjá <http://map.is/base/>. Skoðað 25.11.2018.
Skagafjorður.is, sjá <https://www.map.is/skagafjorður/>. Skoðað 14.11.2018.
Sarpur.is. Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðhættir. ÞÞ. 1459/1967-1. Karl f. 1892. Móttækið 1.11. 1967. Skoðað 7.3.2017.
Sarpur.is. Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðhættir. ÞÞ. <http://sarpur.is/Leit.aspx?search=vegghle%C3%B0sla-&filter=879&museumID=1&typeID=17>. Skoðað 20.11.2018.